# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

199. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST 2017






Kjóll
4.495 kr.
FAGURKERAR ATHUGIÐ, BIÐIN ER Á ENDA!
Fyrstu þrír í röðinni hljóta risastór gjafabréf að andvirði 25.000 kr., 20.000 kr. og 15.000 kr. á opnunardaginn 26. ágúst kl. 12:00 í Smáralind. Næstu 1.000 í röðinni fá að gjöf taupoka og gjafakort að andvirði 1.500 kr. Sjáumst þá!
H&M

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

199. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST 2017



Á þriðja hundrað manns voru mættir í Stapa í gær á fundinn. Í ágústmánuði einum hafa Umhverfisstofnun borist um 400 kvartanir vegna mengunar frá kísilverinu. Aðeins einn ofn hefur verið ræstur en þeir gætu orðið allt að átta þegar kísilver Thorsil verður komið í gang. Stjórnendur Thorsil láta engan bilbug á sér finna og stefna ótrauðir áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hætta ekki fyrr en stóriðjan stöðvast

**Íbúafundur í Reykjanesbæ samþykkti ályktun um að biðla til Almannavarna að grípa inn í vegna United Silicon. Skipuleggjendur stefna á málsókn til að loka verksmiðjunni.**

**REYKJANES** Ekki voru sæti fyrir alla sem vildu á íbúafundi um málefni United Silicon sem haldinn var í Stapa í Reykjanesbæ í gærkvöldi. Þungt hljóð var í fundargestum sem voru á þriðja hundrað.

Á fundinum var samþykkt ályktun um að biðla til almannavarna að grípa til aðgerða vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í bænum.

„Fólki var mikið niðri fyrir. Margir lýstu auknum veikindum eftir að verksmiðjan kom og aðrir bentu á að ekki væri óhætt lengur að hleypa börnum út að leika,“ segir Andri Snær Magnason, rithöfundur, en hann flutti tölu á fundinum. „Það var kona sem kom upp í pontu og bað fólk um að standa upp ef það hafði fundið fyrir einkennum. Þá reis þriðjungur salarins.“

Fólk lýsti meðal annars áhyggjum yfir því að fyrirhugað er að fleiri ofnar verði settir í gang. Aðeins logar á einum ofni í verksmiðju United Silicon en þeir gætu orðið allt að fjórir. Þá er fyrirhugað að aðrir fjórir verði í verksmiðju Thorsil sem áætlað er að opna á sama stað árið 2020.

> **Við hættum ekki fyrr en verksmiðjunni hefur verið lokað.**
> Einar Már Atlason, formaður Félags andstæðinga stóriðju í HelguVík

„Næsta skref er að hrinda af stað alþjóðlegri söfnun fyrir Félag andstæðinga stóriðju í Helguvík,“ segir Einar Már Atlason, formaður félagsins, en það stóð fyrir fundinum.

„Síðan tekur við málsókn. Við hættum ekki fyrr en verksmiðjunni hefur verið lokað og að engin frekari stóriðja verði sett upp í Helguvík,“ segir Einar Már að lokum. – jóe / sjá síðu 6

## Íslenskar konur í sundfataherferð

**LÍFIÐ** Ljósmyndarinn Helga Nína Aas vann nýverið verkefni í samstarfi við hinn gríðarlega vinsæla bandaríska vef Refinery 29.

Verkefnið, sem byggir á ljósmyndum af íslenskum konum í sundfötunumm, er hugsað til að vekja fólk til umhugsunar um líkamsímynd.

„Verkefnið á að fá okkur til að pæla aðeins í því hvernig við hugsum um og lítum á líkama. En þetta er stanslaus barátta,“ útskýrir Helga Nína. Hún segist sjálf vera orðin meðvitaðri um hugsanir sínar um líkama sinn og annarra eftir að hún tók þátt í verkefninu. „Það er ekki nóg að velta þessu fyrir sér einu sinni, maður þarf stöðugt að minna sig á þessa hluti.“ – gha / sjá síðu 34

## Dísilbílabylgjan veldur áhyggjum

**SAMGÖNGUR** Skráðum dísilbifreiðum hefur fjölgað um 60% frá 2009 og í árslok 2016 voru skráðar 98 þúsund dísilbifreiðar hér á landi. Dísilbílar losa meira af efnum sem eru skaðleg heilsu fólks en bensínbílar. Sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun segir að víða í Evrópu hafi verið lögð áhersla á að fjölga dísilbílum þar sem þeir losa minna af gróðurhúsalofttegundum.



Neytendur þustu til bjargar og keyptu dísilbíla en skaðleg áhrif útblásturs þeirra á heilsufar fólks eru alltaf að koma betur í ljós. – smj / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um viðveru og vinnuframlag. 15

**SPORT** Conor klárar Mayweather með rothöggi, segir Gunnar Nelson. 16

**LÍFIÐ** Atli Örvarsson tónskáld hefur samið tónlist fyrir ótalmargar kvikmyndir og sjónvarpsþætti, nú síðast fyrir kvikmyndina The Hitman's Bodyguard með Samuel L. Jackson. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FARTÖLVUR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Í dag er spáð vaxandi sunnanátt, 8 til 13 metrum á sekúndu á vestanverðu landinu og fer að rigna. Hægari vindur og þurrt á Norður- og Austurlandi. SJÁ SÍÐU 22

# Tískuáhrifavöldum boðið í fyrirpartí í Smáralind



Tískurisinn H&M stóð fyrir opnunarhófi í spánýrri verslun í Smáralind í gærkvöldi þar sem öryggisverðir stóðu vaktina. Helstu tískuáhrifavöldum landsins var boðið í fyrirpartí, ásamt þekktu fólki úr fjölmiðlum, leikarastétt, hönnunargeiranum og bloggurum, svo eitthvað sé nefnt. Verslunin verður opnuð almenningi á morgun klukkan tólf og búist er við margmenni í verslunarmiðstöðina af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Helgi ótengdur félögunum sem hann á

**STJÓRNMÁL** Ríkisendurskoðun lítur svo á að einstaklingur og félög sem eru að fullu í hans eigu séu ekki tengdir aðilar í skilningi laga um fjármál stjórnmálasamtaka. Þannig hafi styrkveitingar Helga Magnússonar fjárfestis og félaga hans, Varðbergs ehf. og Hofgarða ehf., til Viðreisnar á síðasta ári ekki verið ólöglegar.

„Ef þú átt tvö fyrirtæki þá mátt þú og þessi tvö fyrirtæki borga hámarksfjárhæð,“ segir Guðbrandur Leósson, sérfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, sem farið hefur yfir málið síðan Fréttablaðið greindi fyrst frá umtalsverðum styrkveitingum Helga og félaga sem honum eru tengd til Viðreisnar. Ríkisendurskoðun sjái einstaklinginn og félög hans ekki sem tengda aðila samkvæmt lögunum.

Helgi veitti persónulega 800 þúsund krónur til Viðreisnar í fyrra en félögin Varðberg og Hofgarðar, sem eru 100 prósent í hans eigu, 400 þúsund krónur hvort. Viðreisn tók við alls sjö 800 þúsund króna framlögum, sem eru helmingi hærri en vanalegt lögbundið hámark. Lögin kveða hins vegar á um að ef um stofnframlög sé að ræða megi einstaklingar og fyrirtæki gefa tvöfalda hámarksfjárhæð, sem Viðreisn nýtti sér fyrst flokka líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær. **– smj**



**Helgi Magnússon fjárfestir.**

# Skorað á Pál að fara í borgina

**STJÓRNMÁL** Ýtt hefur verið á Pál Magnússon, þingmann Sjálfstæðisflokksins, að bjóða sig fram í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningar.

„Það hafa ýmsir fært þetta í tal við mig á síðustu dögum. Hingað til hef ég haft öðrum hnöppum að hneppa og þetta hafði ekki hvarflað að mér fyrr en fólk fór að nefna þetta við mig,“ segir Páll. Páll, sem er formaður atvinnuveganefndar þingsins, var kosinn á þing í fyrsta skipti síðasta haust. Hann er fyrsti þingmaður Suðurkjördæmis.

„Ég hef haft í nógu að snúast sem formaður atvinnuveganefndar í því sem ég hef tekið mér fyrir hendur þar. Í sannleika sagt hef ég ekki hugleitt þetta af neinni alvöru,“ segir Páll. Aðspurður kýs hann að tjá sig ekki um það hvort hann íhugi þetta nú af alvöru eða hvenær ákvörðunar sé að vænta. **– jóe**

# Klúr kláraheiti kölluðu á hestanafnanefndina

**Dæmi voru um að íslensk hross fengju nöfn með ruddalegri meiningu eða sem voru jafnvel klúr. Það var af illri nauðsyn sem Nafnanefnd íslenska hestsins var sett á laggirnar til að grípa inn í slík tilvik. Nefndin tengist ekki stjórnvöldum.**

**LANDBÚNAÐUR** Jón Baldur Lorange, verkefnastjóri hjá MAST og WorldFeng skráningarkerfinu, segir að hestanafnanefndin hafi verið sett á laggirnar af illri nauðsyn. Nánast allir hestaeigendur nefni hrossin sín góðum og gildum íslenskum nöfnum en ekki allir. „Nöfnin eiga ekki að vera klúr eða skammstafanir og með ruddalegri meiningu. Það var farið að gefa hrossum slík nöfn og þá þarf að grípa inn í,“ segir hann.

Fréttablaðið greindi frá hestanafnanefndinni í gær en í henni eiga tveir sæti. Annar er skipaður af ábyrgðarmanni hrossaræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og formanni skýrsluhaldsnefndar FEIF, alþjóðasamtaka íslenska hestsins. Nefndin hefur hafnað nafninu Mósunni á þeirri forsendu að nöfn með greini brjóta í bága við íslenska nafnahefð og vegna þess að sérnöfn eru í sjálfu sér nokkurs konar jafngildi orða með greini.

Hesteigendur geta skráð nafn á hross sín í WorldFeng. Nafni á hrossi er hægt að breyta þangað til hrossið hefur verið sýnt í kynbótadómi eða tekið þátt í keppni sem er skráð í WorldFeng. Þá er ekki hægt að breyta nafni eftir að hrossið hefur eignast skráð afkvæmi. Hesteigendur geta haft nafnabanka WorldFengs til viðmiðunar við nafngjöf, en vilji þeir nefna hrossið öðru nafni er hægt að sækja um leyfi fyrir því. Sé nafnið samþykkt er því bætt í nafnabankann.

Jón segir að ákveðið hafi verið að herða á nafnareglunum á síðasta aðalfundi FEIF sem fram fór í Helsinki í ár. „Eitt af einkennum íslenska hestsins er íslenska nafnið. Það eru 99,9 prósent sammála því að halda í íslenska nafnahefð. Auðvitað hefur það verið þannig í gegnum tíðina að hrossunum hafa verið gefin ýmis nöfn og þá endar það þannig að það þarf að setja reglur því það var verið að gefa nöfn út í loftið. Þess vegna var sett inn kerfi hjá WorldFeng með nafnabanka og þar er búið að lesa inn nafnið á íslensku þannig að framburðurinn heyrist. Við erum með þessu að halda íslenskunni á lofti,“ segir hann.

Jón bendir á að útlendingar vilji hafa íslenskt nafn á íslenska hrossinu sínu og þetta hafi verið gert að stórum hluta að beiðni erlendis frá. „Þeir vilja ekki kaupa íslenskt hross með útlensku nafni. Nema Hollendingar, þeir hafa verið svolítið á móti þessu. Örfáir Íslendingar líka.“ Hann bendir einnig á að nafnanefndin tengist ekki stjórnvöldum á nokkurn hátt.



**Mósan ásamt Guðrúnu Þóru Björgvinsdóttur.** MYND/KOLBRÚN HRAFNSDÓTTIR

### Ef nafn er ekki á nafnalista – viðmiðunarreglur nefndarinnar

a. Er réttritun nafnsins í lagi?
b. Finnst nafnið í veforðabókum, m.a. Snara.is, malid.is, island.is (mannanafnaskrá), eða í öðrum heimildum á vefnum?
c. Er nafnið í samræmi við íslenskar ritvenjur, þ.e. tekur eignarfallsendingu?
d. Hefur nafnið unnið sér hefð í íslensku máli?
e. Almennt er hvorugkynsnöfnum og nöfnum með greini hafnað, þar sem íslensk eiginnöfn bera ekki ákveðinn greini.
f. Ósiðleg nöfn eru ekki sett á listann.

Grill - Húsgögn
Eldstæði - Útiljós
Hitarar - Aukahlutir
Grillbúðin
Niðurfellanleg hliðarborð
25% afsláttur
Verð áður 76.900
56.6..
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG
Afl 10,5 KW
• Yfirbreiðsla og steikarplata úr pottjárni fylgja
Opið virka daga 11-18
Opið laugardaga 11-16
Nr. 12935 - Grátt
Gildir 11. - 27. ágúst
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

# Algert bíó!

## 5x í bíó og 25 GB fylgja öllum símum hjá Nova



**5x Í BÍÓ**
**25 GB**
fylgja!

**Samsung Galaxy S8** 64 GB

**99.990 kr.** stgr.

Galaxy S8+ **109.990 kr.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

# Kaupverð á Geysi liggi fyrir á næstu mánuðum

**FASTEIGNIR** Ekki liggur fyrir hve hátt verð ríkið kemur til með að greiða fyrir kaup á Geysi. Vonast er til þess að matsmenn skili niðurstöðu sinni í október. Þá verður eitt ár liðið frá því að kaupsamningurinn var undirritaður.

Deilt hafði verið um landsvæði við Geysi í nokkur ár en félag landeigenda vildi rukka gesti fyrir aðgang að hverasvæðinu. Á endanum varð það úr að samkomulag um kaup ríkisins var undirritað en landeigendur sögðu það hafa verið gert til að komast hjá eignarnámi. Kaupverð var háð mati matsmanna.

Hvor aðili um sig tilnefndi einn mann í matsnefndina. Fyrir hönd ríkisins situr þar Sigurður Harðarson hagfræðingur en Vífill Oddsson verkfræðingur situr fyrir landeigendur. Sátt náðist um að Ragnar H. Hall, hæstaréttarlögmaður, yrði oddamaður í nefndinni.


**Hjörleifur B. Kvaran, lögmaður landeigenda.**

„Þetta hefur allt verið í eðlilegum farvegi. Ríkið skilaði inn greinargerð og ég skilaði inn annarri fyrir landeigendur,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, lögmaður landeigenda. Báðum aðilum gafst síðan kostur á að skila inn athugasemdum við greinargerð hins.

Matsmenn gengu um svæðið ásamt aðilum samningsins fyrr á árinu en málið hefur síðan tafist vegna sumarleyfa. „Við vonumst til að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en í október,“ segir Hjörleifur. Hann vill ekki upplýsa um innihald greinargerðanna enda ríki trúnaður um þær.

Sætti annað hvort ríkið eða landeigendur sig ekki við niðurstöðu matsnefndarinnar verður hægt að skjóta henni til yfirmatsnefndar. Ákvörðun þeirrar nefndar verður hins vegar endanleg. Ekki er unnt að skjóta málinu til dómstóla. **– jóe**

## Faldi mikið magn fíkniefna í innyflum kinda

**DUBAI** Réttarhöld hófust í vikunni í Dubai yfir karlmanni sem gómaður var við þá iðju að smygla 5,7 milljón amfetamíntöflum til landsins. Maðurinn faldi efnin í innyflum úr kindum.

Maðurinn, en þjóðerni hans eða aldurs er ekki getið, var gripinn glóðvolgur í apríl. Hann kom með efnin í höfn í borginni og lenti í skoðun hjá tollvörðum. Tjáði hann þeim að hann væri að flytja inn innmat en þeim sýndist hann hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Það reyndist rétt.

Þrjóturinn var afar hissa þegar lyfin komu í ljós. Síðar tjáði hann lögreglumönnum að hann hefði fallist á að flytja efnin fyrir bróður sinn.

Hafnir Dubai eru vinsæll viðkomustaður fíkniefnasmyglara. Endanlegur áfangastaður efnanna er hins vegar yfirleitt Sádi-Arabía. **– jóe**

## Ekki líkamshluti eins og talið var

**SVÍÞJÓÐ** Rannsókn sænsku lögreglunnar hefur leitt í ljós að hlutur sem fannst á Skáni í Svíþjóð í gær er ekki líkamshluti líkt og talið var. SVT greinir frá.

Mögulegt var talið að hluturinn gæti tengst leit að sænsku blaðakonunni Kim Wall en í gærkvöldi var staðfest að ekki væri um líkamshluta að ræða.

Kaupmannahafnarlögreglan staðfesti í fyrradag að búkur sem fannst í sjó suður af Amager á mánudag hafi verið Wall og hefur leit staðið yfir að líkamshlutum sem vantar á líkið. Lögreglan hefur biðlað til almennings um aðstoð við leit að fötum Wall.

Danski uppfinningamaðurinn Peter Madsen er grunaður um morð, eftir að hafa áður verið grunaður um manndráp. Hann hefur viðurkennt að hafa varpað líki Wall fyrir borð úr kafbáti sínum, en stendur við framburð sinn um að Wall hafi látið lífið eftir slys um borð. **– ósk**

# Fjármálaráðuneytið telur að Þingvallagrunnurinn sé of dýr

**Að mati fjármálaráðuneytisins eru ekki nægilegar forsendur til að hefja viðræður um kaup á húsgrunni á Þingvöllum sem þjóðgarðurinn vill eignast. Þingvallanefnd vildi ganga inn í 70 milljóna króna kauptilboð en ráðuneytið setur verðið fyrir sig. Óvíst er hvort afstaða ráðuneytisins þýði að kaupin séu alveg úr sögunni.**

**STJÓRNSÝSLA** Fyrirhuguð kaup ríkisins á umtöluðum húsgrunni í þjóðgarðinum á Þingvöllum virðast úr sögunni miðað við afstöðu fjármálaráðuneytisins sem nefnir verðið sem ásteytingarstein í málinu.

„Ráðuneytið hefur farið yfir forsögu málsins og telur ekki að fullnægjandi forsendur séu til staðar til að hefja viðræður um umræddum lóðarréttindum og húsgrunni miðað við það verð sem lagt hefur verið til grundvallar í máli þessu,“ segir fjármálaráðuneytið í svari til umhverfisráðuneytisins 9. maí síðastliðinn.

Umhverfisráðuneytið, sem tók við málefnum Þingvallaþjóðgarðs af forsætisráðuneytinu við síðustu ríkisstjórnarskipti, sendi í lok mars fjármálaráðuneytinu bréf þar sem óskað var eftir að hafnar yrðu viðræður um kaup á húsgrunninum Valhallarstíg 7. Grunnurinn var steyptur upp skömmu fyrir hrun. Í fyrra var hann auglýstur til sölu og barst 70 milljóna króna tilboð sem Þingvallanefnd ákvað eftir nokkrar sviptingar að gengið yrði inn í með því að neyta forkaupsréttar. Lóðin, sem er leigulóð í eigu ríkisins, var sögð geta opnað fólki aðgang að vatninu og að til dæmis mætti nýta grunninn sem nestispall.

Óljóst er hvort þessi afstaða fjármálaráðuneytisins þýðir að kaup ríkisins séu algerlega úr sögunni og hvað verður um húsgrunninn þar sem svör þar um fengust hvorki frá ráðuneytinu né þjóðgarðsverði í gær. Sömuleiðis fengust ekki nánari skýringar á því hvernig fjármálaráðuneytið komst að niðurstöðu.

Bergljót Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytis, segir ráðuneytið ekki hafa aðhafst frekar í málinu. Þingvallanefnd hafi fengið afrit af bréfi fjármálaráðuneytisins og ekki hafi borist bréf frá nefndinni til umhverfisráðuneytisins vegna málsins. Þegar Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður var spurður að því fyrir hálfum mánuði hvernig hefði farið með forkaupsréttinn sem Þingvallanefnd vildi nýta á Valhallarstíg 7 svaraði hann því hins vegar til að hann vissi ekki um stöðu málsins.


**Steypti grunnurinn sem kom í stað eldri sumarbústaðar við Þingvallavatn. Hjónin Bogi Pálsson og Sólveig Dóra Magnúsdóttir fengu 70 milljóna króna kauptilboð frá Gísla Haukssyni í GAMMA.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

„Ég veit ekki hvar málefni varðandi Valhallarstíg nr. 7 stendur. Þingvallanefnd hefur lagt fram sín sjónarmið sem þú þekkir og málið fór til ráðuneyta,“ sagði þjóðgarðsvörður í skriflegu svari. Daginn eftir voru honum sendar nýjar spurningar frá Fréttablaðinu. „Er ekki verið að skoða ofan í kjölinn hvort lögum og reglum hafi verið fylgt við framkvæmdir á Valhallarstíg 7 eins og fram hefur komið að áhöld séu um?“ var Ólafur Örn meðal annars spurður. Með spurningunni er vísað til þess að í október 2016 lýsti þjóðgarðsvörður því í bréfi til forsætisráðuneytisins, sem Þingvallaþjóðgarður heyrði þá undir, að Þingvallanefnd teldi „að þar sem sumarhúsin voru rifin og steyptur var í stað þeirra grunnur á stöplum ásamt kjallara séu hugsanlega í reynd brostnar forsendur fyrir því að endurbygging sumarhúsanna teljist til þeirra lagfæringa eða breytinga sem þegar var búið að samþykkja.“

> **Verði mannvirki byggt á grunninum er ljóst að það verður stærsta mannvirki innan þjóðgarðsins í eigu einstaklinga.**
>
> Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður



Enn hafa ekki borist svör frá þjóðgarðsverði varðandi þessa síðari spurningu. „Verði mannvirki byggt á grunninum er ljóst að það verður stærsta mannvirki innan þjóðgarðsins í eigu einstaklinga,“ sagði hann hins vegar í fyrrgreindu bréfi til forsætisráðuneytisins. **gar@frettabladid.is**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




Nýr og nettur Yaris er hlaðinn orku með nýrri vél, endurbættu Hybrid-kerfi og enn meira aðdráttarafli. Yaris hefur árum saman verið rómaður fyrir frábæra aksturseiginleika sem nú fá að njóta sín til fulls í splunkunýrri og kraftmikilli hönnun.

Komdu og reynsluaktu nýjum Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Minna um bílstuldi í ár

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynningum um þjófnað á ökutækjum og nytjastuldi til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað milli ára. Á fyrstu sjö mánuðum ársins fékk lögreglan 201 tilkynningu, eða tæplega 20 prósent færri en á sama tímabili árið áður. Sé talan borin saman við árið 2015 má sjá að tilkynningar eru 25 prósent færri á þessu ári en fyrir tveimur árum. Tilkynningar á árinu 2015 voru 426 sem var mesti fjöldi frá árinu 2010. Tilkynningum fækkaði svo árið 2016 og voru þær 387, en þó yfir tíu ára meðaltali. – **sg**

## Vill ekki fá fiskeldisfólk í samtökin

**SKAGAFJÖRÐUR** „Ekki verður séð að á vegum og vettvangi samtakanna hafi verið unnið starf sem hafi haft sérstaka þýðingu fyrir hagsmuni Skagafjarðar og réttlæti háar greiðslur til reksturs þeirra,“ segir í bókun Bjarna Jónssonar, fiskifræðings og fulltrúa VG í byggðarráði Skagafjarðar, þar sem í gær var ræddur aukaaðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Bjarni segir Skagafjörð greiða fjögur hundruð þúsund krónur á ári til Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Fá sveitarfélög með ólíka hagsmuni eigi aðild að samtökunum. Á aukaaðalfundinum eigi að taka fyrir breytingar þannig að hlutverk samtakanna verður útvíkkað svo „lagareldissveitarfélög“ geti gengið formlega í þau.

„Ekki verður séð að það muni skerpa á starfi samtakanna og upprunalegum tilgangi að útvíkka enn frekar hlutverk þeirra og fara mögulega að beita þeim í hagsmunagæslu fyrir sjókvíaeldi á frjóum norskum laxi. Mörg sveitarfélög, eins og Skagafjörður eiga meiri hagsmuni af því að vernda villta stofna í veiðiám sem margir bændur hafa mikilvægar tekjur af,“ segir í bókun Bjarna sem kveður hagsmuni þessara bænda geta verið í hættu ef ekki verði varlega farið í uppbyggingu frekara fiskeldis við strendur landsins. – **gar**

**Mörg sveitarfélög, eins og Skagafjörður eiga meiri hagsmuni af því að vernda villta stofna í veiðiám sem margir bændur hafa mikilvægar tekjur af.**

Bjarni Jónsson, byggðaráðsmaður VG í Skagafirði





Thorsil fékk lóð í Helguvík skammt frá þeim stað þar sem nú er búið að byggja kísilver United Silicon. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stefna enn ótrauðir að annarri kísilverksmiðju í Helguvík

**Engin áform eru um að forsvarsmenn Thorsil komi að rekstri kísilmálmverksmiðju United Silicon í Helguvík. Vilja hefja framkvæmdir á seinni hluta næsta árs og framleiðslu árið 2020. Fjármögnun á að ljúka á næstu misserum. Vandræði United engin áhrif haft á afstöðu Reykjanesbæjar til Thorsil, segir bæjarstjórinn.**

**IÐNAÐUR** Forsvarsmenn Thorsil gera nú ráð fyrir að framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju þeirra í Helguvík hefjist á seinni hluta næsta árs. Þeir hafa engin áform um að koma að rekstri verksmiðju United Silicon á iðnaðarsvæðinu og bæjarstjóri Reykjanesbæjar segir vandræðin þar á bæ engin áhrif hafa haft á viðræðurnar við Thorsil.

„Aðalmálið er að það má ekki líkja okkur saman við það sem hefur ekki gengið upp. Þetta hefur því miður ekki verið gert á réttan hátt hjá United Silicon og við höfum átt í reglulegum samskiptum við alla þá sem koma að okkar verkefni og þar með talið Reykjanesbæ og gert þeim grein fyrir stöðu okkar verkefnis,“ segir John Fenger, stjórnarformaður Thorsil.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði um miðjan júlí kröfu Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og íbúa í Reykjanesbæ um að ákvörðun Umhverfisstofnunar sem gaf Thorsil starfsleyfi yrði ógilt. Félagið fékk leyfið í september 2015 en það var fellt úr gildi í október í fyrra. Nýtt leyfi fékkst í febrúar en mánuði síðar barst önnur kæra sem nefndin hafnaði svo í sumar.

„Við vorum búnir að loka fjármögnuninni þannig þetta tafði okkur um eitt ár. Eins og líka hefur komið fram í blöðum hafa einhverjir lífeyrissjóðir dregið sig til baka og þá væntanlega vegna United. Við erum því að ganga frá því að fylla skarðið og klára fjármögnunina á næstu misserum,“ segir John. Heildarfjármögnun verksmiðjunnar nemur 275 milljónum dala, eða um 30 milljörðum króna, og á framleiðsla hennar nú að hefjast á fyrri hluta 2020.

„Því miður hefur þetta ekki tekist nógu vel hjá United og verksmiðjan fór í gang of fljótt. Við höfum undirbúið okkar verkefni á allt annan hátt og okkar hugsun er að byggja verksmiðju sem er vel hönnuð þannig að svona óhöpp eigi sér ekki stað,“ segir John og vísar til síendurtekinna mengunaróhappa United Silicon.

„Það hefur ekki orðið nein stefnubreyting hjá Reykjanesbæ varðandi Thorsil. Verkefnið hefur aftur á móti ekki verið rætt lengi enda málið í vinnslu hjá þeim. Við vitum að það eru íbúar sem telja það vera tómt rugl en á meðan bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað vinnur kerfið að framgangi kísilveranna í Helguvík,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

**haraldur@frettabladid.is**

### Hlutur Arion banka metinn á 900 milljónir króna

Umhverfisstofnun sendi forsvarsmönnum United Silicon bréf á miðvikudag vegna áforma um stöðvun á rekstri verksmiðjunnar þann 10. september eða fyrr fari svo að ljósbogaofn hennar stöðvist enn á ný. Gríðarlegur fjöldi kvartana hafi borist stofnuninni síðan verksmiðjan var gangsett 11. nóvember. Þá hefur komið fram að fyrirtækið hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar og að Arion banki hafi lánað því um átta milljarða króna og lífeyrissjóðir lagt því til hundruð milljóna í hlutafé. Bankinn hefur nú fært niður 16,3 prósenta hlut sinn í verksmiðjunni sem var metinn á 900 milljónir króna.

Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóri verksmiðjunnar og sá sem leiddi verkefnið þangað til hann hætti í stjórn United Silicon í byrjun þessa árs, var á ferðalagi í Svíþjóð í gær þegar blaðamaður náði tali af honum.

„Ég veit ekkert hvað þú ert að tala um. Ég er ekki búinn að kynna mér málið og er í fríi,“ sagði Magnús þegar hann var beðinn um viðbrögð við þeirri stöðu sem komin er upp í rekstri verksmiðjunnar. **ww**



**Magnús Garðarsson**

**Aðalmálið er að það má ekki líkja okkur saman við það sem hefur ekki gengið upp.**

John Fenger, stjórnarformaður Thorsil

**CCG**

As a christian church known by many from our internet page **ccg.org**, we know there is conciderable interest for our litterature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at **secretary@ccg.org**

# Í fangelsi fyrir upplognar nauðganir

**BRETLAND** 25 ára bresk kona, Jemma Beale, var í gær dæmd í tíu ára fangelsi fyrir ítrekaðar rangar sakargiftir. Konan hélt því fram að sér hefði verið nauðgað níu sinnum og sex sinnum orðið fyrir annars konar kynferðislegu ofbeldi. Í eitt skiptið var maður dæmdur í sjö ára fangelsi vegna vitnisburðar hennar. BBC greinir frá.

„Þessi réttarhöld hafa leitt í ljós að þú ert mjög sannfærandi lygari og að þú nýtur þess að vera í hlutverki fórnarlambs,“ sagði dómari áður en hann kvað upp dóm. Þá fordæmdi hann háttalag hennar og sagði að konur eins og hún ykju líkurnar á því að sekir nauðgarar kæmust hjá refsingu.

Konan hafði meðal annars skáldað sögu um að sér hefði verið nauðgað af hópi manna. Til að gera framburð sinn trúverðugri veitti hún sér sjálf áverka áður en hún fór til lögreglu.

Málið var alls rannsakað í 6.400 klukkustundir og kostaði rekstur málsins hátt í hálfa milljón punda. – **jóe**

**Í eitt skiptið var maður dæmdur í sjö ára fangelsi vegna vitnisburðar hennar.**

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september

RENAULT
Passion for life

# NÝR TALISMAN

## BÍLL ÁRSINS 2017 AÐ MATI BANDALAGS ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA (BÍBB)




## NÝR RENAULT TALISMAN

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fáanlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólastýringu.

## VERÐ FRÁ: 3.750.000 KR.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan TALISMAN að verðmæti **350.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Zen útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM83595

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




EBIDTA N1 dróst saman um 30% á milli ára. Fréttablaðið/Vilhelm

## Afkoma N1 veldur vonbrigðum

**VIÐSKIPTI** Sala og framlegð olíufélagsins N1 á öðrum fjórðungi ársins olli vonbrigðum að mati hagfræðideildar Landsbankans sem segir að svo virðist sem félagið finni fyrir áhrifum af samkeppninni við bandaríska risann Costco. Rekstrarhagnaður félagsins á tímabilinu var rúmlega 300 milljónum króna lægri en sérfræðingar Landsbankans og IFS greiningar höfðu spáð.

Fjárfestar virðast ekki hafa tekið vel í uppgjör olíufélagsins fyrir annan fjórðung ársins, en til marks um það lækkuðu hlutabréf í félaginu um 5,8 prósent í verði í gær.

Fjárfestar sem Fréttablaðið ræddi við furða sig á því af hverju stjórnendur N1 hafi ákveðið að halda afkomuspá sinni óbreyttri fyrir árið, en stjórnendurnir gera áfram ráð fyrir að EBIDTA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði á bilinu 3.500 til 3.600 milljónir króna á árinu, að undanskildum kostnaði við fyrirhuguð kaup félagsins á Festi.

EBIDTA félagsins var 768 milljónir króna á öðrum fjórðungi ársins og lækkaði um heil þrjátíu prósent á milli ára. Hagfræðideild Landsbankans og IFS greining gerðu hins vegar ráð fyrir að rekstrarhagnaðurinn myndi haldast nokkuð óbreyttur eða lækka um örfá prósent á milli ára.

Hagfræðideild Landsbankans bendir á að í ljósi afkomu N1 á öðrum fjórðungi ársins þurfi EBIDTA á seinni helmingi þessa árs að vera 64 milljónum króna hærri en hún var á seinni helmingi síðasta árs til þess að spá stjórnendanna gangi eftir. – kij



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1.

## Hálendisnefnd vill ræsið burt

**UMHVERFISMÁL** Hálendisnefnd Rangárþings ytra vill að sveitarstjórnin sjá til þess að ræsi, sem Vegagerðin setti í Laugakvísl í Landmannalaugum í sumar, verði fjarlægt og umhverfið fært til fyrra horfs.

Hálendisnefndin segir ræsið alls ekki til bóta og vera lýti á umhverfinu. „Auk þess hefur það verið yfirlýst stefna sveitarfélagsins og stýrihóps um deiliskipulag í Landmannalaugum að ekki eigi að auka aðgengi inn á laugasvæðið. Jafnframt undrast nefndin að ekki skuli hafa verið leitað eftir leyfum til framkvæmdarinnar eins og lög gera ráð fyrir,“ segir í bókun. Byggðaráðið segir ljóst að ræsið víki strax í haust. – gar

**Jafnframt undrast nefndin að ekki skuli hafa verið leitað eftir leyfum til framkvæmdarinnar.**

Hálendisnefnd Rangárþings ytra



Svifryksmengun í Reykjavík. Samkvæmt tölum frá 2013 var samsetning svifryks í borginni orðin 30% sót en var 7% tíu árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skaðlegum dísilbílum fjölgað um 36 þúsund frá árinu 2009

Í árslok 2016 voru skráðar 98 þúsund dísilbifreiðar á Íslandi og hefur þeim fjölgað um 60% frá árinu 2009. Bensínbílum fækkar á sama tíma. Dísilbílabylgjan er áhyggjuefni enda útblástur dísilbíla mun skaðlegri fólki en bensínbíla. Fjármálaráðherra boðar hærri álögur á dísilolíu til að vinda ofan af þróuninni.

**SAMGÖNGUR** Skráðum dísilbifreiðum hér á landi fjölgaði um ríflega 36 þúsund frá árinu 2009 til 2016 á sama tíma og bensínbifreiðum fækkaði. Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra boðar hærri álögur á dísilolíu í fjárlögum sem hluta af grænni skattastefnu ríkisstjórnarinnar í von um að vinda ofan af þróuninni. Dísilbílasprengingin sem orðið hefur hér á landi á undanförnum árum er áhyggjuefni enda losa dísilbílar umtalsvert meira af efnum sem skaðleg eru heilsu fólks.

Sót, skaðleg nituroxíðsambönd, NO og $NO_2$, og krabbameinsvaldandi PAH-efni á borð við díoxín eru meðal þess sem finna má í talsverðu magni í útblæstri dísilbifreiða umfram bensínbíla.

„Fyrir 20 árum var dísilbíll að menga kannski hundrað til þúsund sinnum meira af sóti en bensínbíll,“ segir Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Núna er hann að menga kannski tíu sinnum meira. Þannig að nýr dísilbíll með agnasíu er samt að losa meira af sóti en bensínbíll og meira af niturdíoxíðsamböndum.“

Þorsteinn, sem fjallað hefur um heilsufarsleg áhrif loftmengunar frá bensín- og dísilbílum, bendir á að í Evrópu sem og hér hafi hvatar verið auknir og áhersla lögð á að fjölga dísilbílum þar sem þeir losa minna af gróðurhúsalofttegundum, á borð við $CO_2$. Neytendur þustu til bjargar umhverfinu og keyptu dísilbíla en skaðleg áhrif þeirra á heilsufar fólks eru alltaf að koma betur í ljós.

„Þú ert að græða kannski 15-25% minni losun gróðurhúsalofttegunda á hvern ekinn kílómetra á jafn þungum bíl með dísil. En á móti kemur að þú ert að fá meira af NOx og sóti sem ekki er mælt í prósentum heldur er kannski 10-15 sinnum meira.“

Samkvæmt tölum sem Fréttablaðið tók saman frá Samgöngustofu yfir fjölda skráðra bifreiða frá 2009 til 2016 voru 61.420 dísilbifreiðar á landinu öllu 2009. Hægt og sígandi fjölgaði þeim og varð verulegt stökk milli 2012-2013. Síðustu ár hefur svo sprenging orðið. Í árslok 2016 var fjöldi dísilbíla orðinn 97.989 og nemur fjölgunin 60 prósentum. Þó enn sé mun meira af bensínbifreiðum á götunni þá hefur dregið verulega saman á undanförnum árum og þeim fækkað um tæplega þúsund á sama tíma. Þó aðrir orkugjafar eins og tvinnvélar, tengiltvinnvélar og rafvélar hafi sótt töluvert í sig veðrið á síðustu misserum þá er ljóst af nýskráningum bíla að dísilbíllinn er fyrsta val hjá flestum.

Fjármálaráðherra lýsti því yfir í fréttum RÚV á dögunum að grænir skattar stjórnarinnar muni hækka kolefnisgjöld og verð á dísilolíu um áramótin auk þess sem hann hyggst leggja til að afnám tolla og vörugjalda af rafbílum muni gilda næstu þrjú árin.

Þorsteinn tekur undir að það sé skref í rétta átt að reyna að sporna gegn þessari dísilbílaþróun.

mikael@frettabladid.is

### Skráðir bensín- og dísilbílar á landinu öllu




Heimild: Samgöngustofa

**-973**

Fækkun skráðra bensínbíla 2009-2016

**36.569**

Fjölgun skráðra dísilbíla 2009-2016

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# 2017/2018



**TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT**
**SINFONIA.IS**

**Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð. Komdu við í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is og gakktu frá kaupunum.**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

## Færri flytja til Bretlands

**BRETLAND** Á fyrsta fjórðungi þessa árs fluttu 246 þúsund manns til Bretlands eða 81 þúsund færri en á sama tíma í fyrra. Innflytjendur hafa ekki verið jafn fáir frá því í lok ársins 2013.

Einstaklingar frá öðrum Evrópusambandslöndum eru teknir að flytja frá Bretlandi auk þess sem færri Evrópusambandsborgarar flytja nú til Bretlands. – **ibs**



**Færri ESB-borgarar flytja nú til Bretlands.**

## Nemar á skrá lögreglunnar

**NOREGUR** Á lista lögreglunnar í Ósló eru nær 40 framhaldsskólanemar yngri en 18 ára sem hlotið hafa refsingu að minnsta kosti fjórum sinnum vegna ofbeldis og fíkniefnamála. Talið er að nemarnir sem tengjast glæpastarfsemi séu fleiri eða nær 60, að því er kemur fram í frétt Dagsavisen.

Lögreglan hefur áhyggjur af því að glæpastarfsemi muni í mörgum tilfellum setja svip á skólaumhverfið, meðal annars með fíkniefnasölu. Ungum glæpamönnum sem koma oft við sögu lögreglu hefur fjölgað jafnt og þétt á þessu ári.

Stefnt er að samstarfi lögreglu og skóla þar sem eru krefjandi nemendur. – **ibs**

# Hollendingar á nálum vegna yfirvofandi hryðjuverkahættu

**Bandarísk hljómsveit aflýsti tónleikum sem fram áttu að fara í Rotterdam vegna hryðjuverkahættu. Ungur karlmaður handtekinn vegna rannsóknarinnar. Yfirvöld í landinu telja líkur á hryðjuverkum verulegar. Einungis örfáir dagar eru liðnir frá því að herskáir íslamistar gerðu árás í Barcelona og Cambrils á Spáni.**

**HOLLAND** Tónleikum bandarísku hljómsveitarinnar Allah-Las, sem fram áttu að fara í Rotterdam í fyrrakvöld, var aflýst vegna hryðjuverkaógnar. Stuttu eftir að tónleikunum var aflýst handtók lögreglan 22 ára gamlan mann í Zevenbergen, um 40 kílómetra suður af Rotterdam. Vitni að handtökunni sögðu að maðurinn hefði verið leiddur burt með bundið fyrir augun og honum ekið á brott í svörtum BMW.

Sérsveit hollensku lögreglunnar rannsakar málið og talsmaður lögreglunnar sagði við fjölmiðla að rannsóknin væri í fullum gangi. Talsmaður hollensku lögreglunnar sagði að ábending hefði borist um aðsteðjandi hryðjuverkaógn frá spænskum yfirvöldum. „Þetta snerist ekki um eld eða eitthvað þess háttar. Þetta snerist um hugsanlega hryðjuverkaógn og við ætlum ekki að taka neina áhættu þar,“ sagði talsmaðurinn, Gijs van Nimwegen. Einungis örfáir dagar eru liðnir frá því að herskáir íslamistar gerðu árás í Barcelona og Cambrils á Spáni sem varð fimmtán manns að bana.

Lögreglan stöðvaði líka sendibíl á spænskum númerum, en ökulag bílsins þótti undarlegt. Lögreglumenn í skotheldum vestum handtóku ökumanninn og sprengjusveit var send til að rannsaka ökutækið. Þá vakti það grunsemdir að í bílnum voru gashylki. Ökumaðurinn var hins vegar síðar látinn laus. Hann var sagður hafa verið drukkinn en ekki líklegur til að vinna nein ódæði. Skýringin á gashylkjunum var sú að maðurinn væri iðnaðarmaður og notaði gas við störf sín. „Hann hafði engin tengsl við hótunina,“ segir Gijs van Nimwegen við BBC.

Þótt hryðjuverkaárásir hafi verið tíðar víða á meginlandi Evrópu undanfarin ár hafa Hollendingar blessunarlega sloppið hingað til. Yfirvöld þar í landi hafa samt sem áður miðað viðbúnað sinn vegna slíkrar ógnar við næstefsta stig frá árinu 2013. Telja yfirvöld líkurnar á hryðjuverkum vera verulegar. Hljómsveitin Allah-Las hefur oft fengið hótanir vegna nafnsins og viðvörunin frá spænskum yfirvöldum varð til þess að tónleikunum var aflýst á síðustu stundu. Hljómsveitin er á tónleikaferð um Evrópu.

jonhakon@frettabladid.is




**Hollenska lögreglan rannsakaði sendibíl á spænskum númerum í fyrrakvöld. Ökulag bílsins virtist grunsamlegt. Við nánari athugun reyndist bíllinn ekkert tengdur áætlunum um hryðjuverk.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Þótt hryðjuverkaárásir hafi verið tíðar víða á meginlandi Evrópu undanfarin ár hafa Hollendingar blessunarlega sloppið hingað til.**






SUBARU
Confidence in Motion




ENNEMM / SÍA / NM83594 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
SUBARU ef þú pantar fyrir 30. september

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Ómöguleiki



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er skammt stórra högga á milli. Eftir nánast linnulausa gengisstyrkingu síðustu misseri – og raungengið upp um 35 prósent frá 2015 – er krónan snögglega farin að gefa eftir. Gengið hefur þannig lækkað um tólf prósent frá því snemma í júní. Sú þróun er að mörgu leyti eftirsóknarverð. Hátt gengi krónunnar var farið að skaða samkeppnishæfni útflutningsatvinnugreina landsins.

Engin einhlít skýring er á lækkun gengisins. Þar spila inn í auknar erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra fjárfesta, vaxandi áhugi á gjaldeyrisvörnum og að útflutningsfyrirtæki halda að sér höndum við að skipta gjaldeyri yfir í krónur. Lítil velta á gjaldeyrismarkaði hefur síðan magnað upp gengissveiflurnar. Seðlabankinn, sem hætti reglulegum gjaldeyriskaupum fyrr á árinu, hefur að mestu kosið að standa á hliðarlínunni í stað þess að grípa inn í og kaupa og selja gjaldeyri eftir atvikum til að draga úr sveiflum. Sú afstaða vekur um margt furðu. Seðlabankanum virðist hins vegar, eins og greining Arion banka hefur bent á, líka það ágætlega að „stefnan sé áfram óljós og óskýr“.

Gengisveiking síðustu vikna var helsta ástæða þess að peningastefnunefnd Seðlabankans kaus – ranglega – að halda vöxtum óbreyttum í vikunni. Sú ákvörðun kom ekki á óvart. Að kjósa með vaxtalækkun er oftar en ekki ómöguleiki í huga sumra nefndarmanna sem einblína fyrst og síðast á þau rök sem mæla gegn lækkun vaxta. Stóra myndin er hins vegar þessi. Það hefur orðið bylting á grunngerð hagkerfisins. Viðskiptaafgangur er mikill og viðvarandi, erlenda staðan hefur ekki verið betri frá því að mælingar hófust, sparnaðarstigið er í hæstum hæðum og Ísland, rétt eins og ríki á borð við Sviss, Austurríki og Noreg, er orðið að fjármagnsútflytjanda. Þessi kerfisbreyting þýðir með öðrum orðum að vextir Seðlabankans geta verið talsvert lægri án þess að það raski jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hátt í fjögurra prósenta vaxtamunur við útlönd er óskiljanlegur við þessar aðstæður.

Mikil gengislækkun stafar einkum af því að það er nánast einstefna í fjármagnsflæði til og frá landinu. Á sama tíma og við sjáum aukið fjárfestingarútflæði eftir losun hafta eru hömlur á fjárfestingu erlendra aðila í skuldabréfum. Afleiðingarnar eru fyrirsjáanlegar. Krónan gefur eftir, verðbólguálag eykst og Seðlabankinn þarf að bregðast við með aðhaldssamari peningastefnu. Niðurstaðan er sú að langtímavaxtamunur við útlönd hækkar. Þrátt fyrir að fjárstreymistæki bankans hafi verið réttlætanlegt á sínum tíma, ekki síst í aðdraganda aflandskrónuútboðs, þá hafa aðstæður breyst með afnámi hafta. Rýmri heimild til fjárfestinga í skuldabréfum yrði til þess fallin að minnka gengissveiflur og skapar forsendur fyrir lækkun vaxta.

Þrátt fyrir að gengið hafi lækkað nokkuð í sumar þá hafa verðbólguvæntingar til lengri tíma litið breyst og verðbólga hefur núna mælst undir markmiði í 42 mánuði. Þá sýnir ný þjóðhagsspá að útlit sé fyrir minni hagvöxt, atvinnuvegafjárfesting dragist saman og vísbendingar eru um kólnun á fasteignamarkaði. Seðlabankinn taldi aftur á móti veikingu krónunnar vega þyngra á metunum. Binda má vonir við að ákvörðun bankans um að halda ekki áfram hægfara vaxtalækkunarferli sínu sé aðeins tímabundið hik sem verði leiðrétt síðar á árinu. Reynslan sýnir hins vegar að líkurnar eru ekki með því.

**Að kjósa með vaxtalækkun er oftar en ekki ómöguleiki í huga sumra nefndarmanna sem einblína fyrst og síðast á þau rök sem mæla gegn lækkun vaxta.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvænt niðurstaða**

**Framsóknarflokkurinn fór í mikla leit að oddvita á lista fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Óskar Bergsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, hætti við framboð og Guðni Ágústsson lét ekki tileiðast. Síðan skaut Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir óvænt upp kollinum. Fæstir höfðu trú á að með hana við stýrið gæti flokkurinn fengið kjörinn mann í borgarstjórn. En ummæli hennar um moskur vöktu svo gríðarlega athygli og þótt einhverjir hefðu trúað að þau myndu endanlega gera út um væntingar Framsóknarmanna fyrir kosningarnar varð niðurstaðan allt önnur. Fyrst þá fór flokkurinn að bæta við sig og raunin varð tveir kjörnir borgarfulltrúar af fimmtán.**

**Ein á báti**

**Það dylst engum að það styttist í kosningar að undangengnu vali stjórnmálaflokkanna, þar á meðal Framsóknarflokksins, á lista. Orð Sveinbjargar Birnu um að kostnaður skólakerfisins vegna barna hælisleitenda væri sokkinn kostnaður fóru heldur ekki fram hjá neinum. Kannski er Sveinbjörg Birna gegnsýrður rasisti. En kannski ætlaði hún að endurtaka fyrri leik og beita tiltækum ráðum til að tryggja stöðu sína fyrir næstu kosningar. Til allrar hamingju ætla félagar hennar í borgarstjórnarflokknum ekki að taka þátt í þeirri vegferð.** jonhakon@frettabladid.is

# Öll börn í umferðinni eru okkar börn



Hildur Guðjónsdóttir
sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu

Umferðarfræðsla er órjúfanlegur þáttur í skólastarfi og uppeldi barna. Leik- og grunnskólar landsins sinna þessum þætti vel og starfrækir Samgöngustofa umferðarskóla fyrir elstu leikskólabörnin á hverju vori þar sem kennarar fræða börnin um umferðina og umferðartengda hegðun.

Hlutverk foreldra í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust. Nú þegar skólar eru að hefjast viljum við benda foreldrum á að kynna vel fyrir barninu hvaða leið er best í skólann. Stysta leiðin er ekki alltaf sú öruggasta og mikilvægt að börnin geri sér grein fyrir hvers eðlis umferðin er svo að þau geti ferðast um á öruggan hátt.

Þegar börnum er ekið í skólann eykst umferð í kringum skólasvæði. Nauðsynlegt er að gæta vel að því að barni sé alltaf hleypt út úr bílnum þeim megin sem gangstéttin er, aldrei út á akbraut. Öll börn eiga að vera í bílbelti og börn undir 135 cm á hæð eiga að vera í bílstól.

Á heimasíðu Samgöngustofu er að finna ýmsa fræðslu varðandi öryggi barna í umferðinni. Hér eru tíu örugg ráð sem gott er að hafa í huga:

1. Æfum leiðina í og úr skóla með barninu.
2. Veljum öruggustu leiðina í skólann – það þarf ekki endilega að vera sú stysta.
3. Leggjum tímanlega af stað.
4. Setjum einfaldar og fáar reglur sem barnið á að fara eftir.
5. Kennum barninu að fara yfir götu, með og án gönguljósa.
6. Verum sýnileg, notum endurskinsmerki.
7. Notum hjólreiðahjálm, bæði börn og fullorðnir.
8. Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir.
9. Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla.
10. Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu

Fullorðnir eru fyrirmyndir barna og þau læra meira af því sem fullorðnir gera en því sem þeir segja.

**Fullorðnir eru fyrirmyndir barna og þau læra meira af því sem fullorðnir gera en því sem þeir segja.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# 90 mínútna vinnuvika

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Sá sem er sæmilega góður að vélrita nær að skrifa að minnsta kosti fjörtíu orð á mínútu. Með einföldum útreikningi má sjá að þetta eru 2.400 orð á klukkustund og 19.200 orð á átta tíma vinnudegi—96 þúsund orð á viku.

Til samanburðar þá er algengur orðafjöldi í skáldsögum í kringum 120 þúsund orð; en getur auðvitað verið mun meiri. Íslandsklukkan í enskri þýðingu er 158.720 orð. Stríð og friður er tæplega sex hundruð þúsund orð og þykir dágóður doðrantur, en engu að síður þá tæki það vinnusaman vélritara ekki nema 31 dag og tvo klukkutíma að vélrita hana.

## Slæpinginn Stephen King

Í þessu ljósi má velta fyrir sér hvort rithöfundurinn Stephen King, sem er annálaður fyrir afköst sín, eigi orðspor sitt skilið. Á lista sem ég fann á internetinu eru 47 skáldsögur sem hann hefur skrifað á fimmtíu ára ferli sínum; og samkvæmt vasareikninum mínum þá er samanlagður orðafjöldi þeirra sjö milljónir níu hundruð sjötíu og fimm þúsund tuttugu og tveir. Hann mun reyndar hafa skrifað eitthvert smælki til viðbótar en þetta er líklega uppistaðan í ævistarfi hans. Einhver myndi ætla að þetta hafi verið full vinna. En svo er líklega ekki. Ef við gefum okkur að Stephen King vinni að jafnaði fimm daga í viku og taki sér fimm vikna sumarleyfi og vinni ekki á löghelgum frídögum (hann reyndar segist vinna alla daga) þá reiknast mér til að ef hann hefði setið við skrif alla virka daga í þá átta klukkutíma sem almennt eru viðurkenndir sem rétt vinnumagn á dag—þá hefði hann ekki skrifað bara tæplega átta milljón orð á þessum fimmtíu árum; heldur ríflega 200 milljón.

Með öðrum orðum þá hefur Stephen King að jafnaði skilað raunverulegum afköstum í tæplega 18 mínútur á dag—en verið eitthvað að slæpast við einhvern óþarfa það sem eftir var af deginum. Þetta eru 90 mínútur á viku.

## Tími til að hugsa

Og ef maður eins og Stephen King skrifar sitt birtingarhæfa efni á tæplega tuttugu mínútum á dag; hvað má þá segja um ljóðskáld og höfunda fagurbókmennta? Slíkir höfundar skrifa kannski örfáar bækur á ferlinum og flestar þeirra eru eins og bæklingar að lengd í samanburði við tröllakiljur spennusagnakonungsins.

Dæmið er vitaskuld fáránlegt. Engum heilvita manni myndi detta í hug að líta svo á að skynsamlegur mælikvarði á starf rithöfundar sé einungis fjöldi orða sem tekst að dæla inn á harða diskinn. Reyndar er það svo að athuganir á starfsvenjum rithöfunda gefa til kynna að flestir þeirra sitji við skrif í tvo til fjóra klukkutíma á dag; allt umfram það er fyrir flestum þeirra lítið annað en gagnslaus rembingur. Raunverulegur starfsdagur þeirra er þó mun lengri, því þeir lesa gjarnan mikið sjálfir, þeir þurfa að snurfusa og lagfæra textann sinn; og—það sem er allra mikilvægast; þeir þurfa að hugsa.

Og þótt sjaldgæft sé að sú iðja sé reiknuð inn í vinnuframlag fólks—þá getur tekið langan tíma að hugsa, og þeim mun lengri eftir því sem viðfangsefnin eru flóknari eða dýpra liggur á sköpuninni. Slík hugsun er svo sannarlega verðmæt vinna þótt hún skili ekki samstundis áþreifanlegum afköstum.

## Vitsmunaleg erfiðisvinna

Þótt einungis örsmátt brot af mannkyninu hafi lífsviðurværi sitt af listsköpun þá hefur atvinnuþróun undanfarinna áratuga verið í þá átt að sífellt fleiri störf hafa ýmsa eðliseiginleika listsköpunar. Störf sem byggjast á hvers konar sköpun—hvort sem það er forritun, fjölmiðlun, fræðistörf eða sölu-, markaðs- eða sérfræðistörf—byggjast að mjög miklu leyti á því að starfsmennirnir geti framleitt einhvers konar vitsmunalegar afurðir. Og þótt almennt sé gerð krafa um að starfsmenn í slíkum störfum hafi viðveru í hinar hefðbundnu átta klukkustundir á dag þá þarf ekki að tala við marga til þess að átta sig á því að flestir telja sig afkasta meiru á örfáum klukkustundum í kyrrð og einveru heldur en á heilu dögunum í skarkala skrifstofunnar.

Þetta vita stjórnendur stofnana og fyrirtækja mætavel. Flestir þeirra hafa komið sér upp þeirri venju að vinna alla „raunverulegu vinnuna“ á kvöldin eða um helgar. Svo gera þeir flestir þá kröfu, leynt eða ljóst, að allir starfsmenn séu til taks til þess að sinna síma og tölvupósti öllum stundum, geti setið fundi og ráðstefnur flesta daga—en fari svo heim með vinnuna á kvöldin.

## Á gólfi eða í golfi

Kannski skýrist hin umtalaða aukning á kvíða- og þunglyndisvandamálum að einhverju leyti af því að gríðarlegum breytingum á eðli ýmissa starfa hefur ekki fylgt endurmat á kröfum um viðveru og vinnuframlag. Viðmiðið um átta tíma viðveru í vinnu hentaði vel til að takmarka líkamlegt erfiði launþega en vinna sem krefst sköpunar og vitsmunalegrar djúpköfunar passar illa í það sniðmát.

Það er nefnilega ekki víst að lögfræðingur eða forritari sem hangir í níu klukkutíma á skrifstofugólfinu skili meiri, betri og gagnlegri vinnu heldur en sá sem eyðir fjórum kraftmiklum klukkutímum á skrifstofunni en fimm á golfvellinum.

Spyrjið bara Stephen King sem „vinnur“ sjaldnast lengur en til hádegis.





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT ÍSLENSKT GRÆNMETI
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
íslenskt grænmeti
239 kr. 250 g
Kirsuberjatómatar
Íslenskir, 250 g, box
579 kr. kg
Spergilkál
Íslenskt
579 kr. kg
Blómkál
Íslenskt
398 kr. 1 kg
Íslenskir Tómatar
1 kg, box
EURO SHOPPER
DICED TOMATOES 400 g
PEELED TOMATOES 400 g
Baked Beans in Tomato Sauce 420g
Red Kidney Beans
Chickpeas 400g
59 kr. 400 g
Tómatar
400 g, 2 tegundir
59 kr. 420 g
Bakaðar Baunir
420 g
79 kr. 400 g
Kjúklingabaunir, 400 g
Nýrnabaunir, 400 g
BIG FAMILY PACK
500g
Weetabix Weetos
CHOCOLATEY HOOPS
VITAMIN D
IRON
GRAIN
395 kr. 500 g
Weetos Morgunkorn
500 g
540m í pakkanum
500 blöð á hverri rúllu
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BÓNUS
MASSI
9=25
798 kr. pk.
Bónus Massi WC pappír
9 rúllur, 500 blöð á rúllu
1kg
BÓNUS
– GRAUTAR –
GRJÓN
159 kr. 1 kg
Bónus Grautargrjón
1 kg
1kg
BÓNUS
Tröllahafrar
259 kr. 1 kg
Bónus Tröllahafrar
1 kg




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Styttist í peningabardagann sem heimurinn bíður eftir að sjá



**Box gegn MMA** Það var vel við hæfi að Floyd Mayweather og Conor McGregor skiydu stilla sér upp í hnefaleika- og MMA-pósu á síðasta fundi sínum. Í kvöld stíga kapparnir síðan á vigtina í Vegas. Vigtunin hefst klukkan 22.00 og verður í beinni á Stöð 2 Sport. NORDIC PHOTOS/GETTY

**Evrópudeild UEFA:**

**Braga - FH 3-2**
Böðvar Böðvarsson skoraði mörk FH.
*Braga fór áfram, 5-3, samanlagt.*

**Hajduk Split - Everton 1-1**
Gylfi Sigurðsson skoraði mark Everton.
*Everton fór áfram, 3-1, samanlagt.*

**Maccabi - Rheindorf 2-2**
Viðar Örn Kjartansson skoraði fyrra mark Maccabi.
*Maccabi fór áfram, 3-2, samanlagt.*

**AEK - Club Brugge 3-0**
Arnór Ingvi Traustason sat á bekk AEK.
*AEK fór áfram, 3-0, samanlagt.*

**Rosenborg - Ajax 3-2**
Matthías Vilhjálmsson spilaði síðasta hálftímann fyrir Rosenborg.
*Rosenborg fór áfram, 4-2, samanlagt.*

**Inkasso-deildin:**

**Leiknir R. - Þróttur 1-0**
1-0 Ragnar Leósson, víti (11.).

**Keflavík - ÍR 3-2**
1-0 Adam Róbertsson (26.), 1-1 Már Viðarsson (40.), 1-2 Renato Punyed (45.), 2-2 Jeppe Hansen (78.), 3-2 Leonard Sigurðsson (87.).

## Í dag

**14.30 Opna kanadíska** Golfst.
**18.00 The Northern Trust** Golfst.
**18.40 Bristol - Aston Villa** Sport
**22.00 Conor - Mayw. vigtun** Sport2

**Inkasso-deildin:**
**18.00 HK - Haukar**
**19.15 Fram - Fylkir**

# Klárar Mayweather með rothöggi

Gunnar Nelson telur að Conor McGregor sé bardagamaður sem henti Floyd Mayweather illa. Hann óttast ekki að illa fari fyrir sínum manni þó að Írinn muni þurfa að fara í tólf lotu bardaga gegn einum besta hnefaleikakappa sögunnar.

**HNEFALEIKAR** Einn stærsti íþróttaviðburður síðustu ára fer fram aðfaranótt sunnudags þegar Conor McGregor, skærasta UFC-stjarna heims, stígur úr búrinu inn í hnefaleikahringinn þar sem hann mun mæta Floyd Mayweather, einum besta boxara sögunnar. Mayweather er enn ósigraður og tók hanskana niður úr hillunni til að berjast við Írann kjaftfora. Ef Mayweather ber sigur úr býtum mun hann ljúka ferlinum á 50 sigrum í 50 bardögum.

Fyrirfram mætti telja að besti hnefaleikamaður heims ætti ekki að lenda í vandræðum með mann sem hefur aldrei barist sem atvinnumaður í íþróttinni. En Gunnar Nelson, fremsti bardagakappi Íslands og æfingafélagi Conors til margra ára, segir í samtali við Fréttablaðið að hann telji möguleika síns manns góða og að bardagastíll hans henti Mayweather illa.

### Espar hann upp

„Conor mun reyna að setja pressu á Mayweather því hann gerir sér grein fyrir að Mayweather mun ekki koma inn í bardagann og reyna að rota hann þrátt fyrir yfirlýsingar um það,“ segir Gunnar. „Mayweather mun halda sér við sitt og reyna að vinna tólf lotu bardaga með dómaraákvörðun.“

Gunnar segir að fyrstu loturnar verði áhugaverðar og að Conor muni reyna að espa Mayweather upp, sem muni svara með því að reyna að láta Írann slá vindhögg – þreyta hann og hægja á honum.

> Conor er góður í að slá menn þegar þeir eiga síst von á því. Hann mun líka reyna að espa hann til að fá hann til að sækja.
>
> Gunnar Nelson



„En Conor er góður í að slá menn þegar þeir eiga síst von á því. Hann mun líka reyna að espa hann upp til að fá hann til að sækja. Þá getur Conor bakkað og svarað með þessari vinstri sleggju sem hann er alþekktur fyrir.“

### Getur klárað heilan bardaga

Gunnar bendir á að Conor búi yfir ýmislegu í vopnabúri sínu sem muni henta Mayweather illa. Svo sem yfirhandarhöggi sem hefur verið áður notað gegn Bandaríkjamanninum með góðum árangri. En ef Mayweather tekst að verjast því, mun hann hafa úthald og þol til að endast í tólf lotu bardaga og vinna á stigum?

## Mayweather tekur á móti McGregor í hringnum

Floyd Mayweather, heimsmeistari í hnefaleikum, mætir UFC-meistaranum Conor McGregor í hnefaleikabardaga í Las Vegas. Bardaginn, sem hefur verið kallaður „Peningabardaginn“, mun slá öll áskriftarmet



SAMANBURÐUR

| Mayweather<br>Money | | McGregor<br>The Notorious |
|---|---|---|
| 40 | Aldur | 29 |
| Bandarískur | Þjóðerni | Írskur |
| 1996 | Gerðist atvinnumaður | 2008 |
| 49-0 | Sigrar-töp | 21-3 |
| 26 | Rothögg | 18 |
| 1,73 m | Hæð | 1,75 m |
| 1,83 m | Faðmur | 1,88 m |
| Hefðbundinn | Stíll | Örvhentur |

Ósigraður heimsmeistari í fimm þyngdarflokkum, hefur alls unnið 15 titla, er talinn einn af bestu boxurum allra tíma

Græðir: 100 milljónir dollara

Ein stærsta stjarnan í MMA og fyrsti UFC-meistarinn í tveimur þyngdarflokkum samtímis. Þreytir frumraun sína í atvinnuhnefaleikum

Græðir: 75 milljónir dollara

- 1977: Fæddur 24. febrúar í Michigan inn í mikla hnefaleikafjölskyldu
- 1996: Vinnur brons á Ólympíuleikunum í Atlanta. Tapið í undanúrslitunum er hans eina í hringnum
- 1998: Verður heimsmeistari í fyrsta sinn
- 2002: Byrjar að keppa í léttvigt. Verður heimsmeistari í annað sinn eftir sigur á José Luis Castillo
- 2007: Verður heimsmeistari í fimmta þyngdarflokknum eftir sigur á Oscar De La Hoya
- 2015: Sigrar Manny Pacquiao í „Bardaga aldarinnar“

- 1988: Fæddur 14. júlí í Dublin á Írlandi
- 2008: Þreytir frumraun sína í MMA gegn Gary Morris. Vinnur í annarri lotu
- 2013: Semur við UFC. Sigrar Marcus Brimage í fyrsta bardaga sínum fyrir sambandið
- 2015: Verður meistari í annað sinn þegar hann bindur endi á 10 ára sigurgöngu José Aldo á 13 sekúndum
- 2016: Tapar sínum fyrsta UFC-bardaga fyrir Nate Diaz eftir að hafa fært sig upp í veltivigt

Heimild: Wire agencies Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS

„Já, það tel ég. Conor hefur aldrei verið í betra formi og á að baki 50-60 bardaga sem áhugamaður í hnefaleikum. Sem MMA-maður er hann alltaf betri standandi og er með skrokkinn í það. Ég hugsa að hann geti komið honum í vandræði snemma, unnið fyrstu loturnar og jafnvel þær síðustu líka,“ segir Gunnar.

„Mér finnst skemmtilegt að hugsa til þess að hann klári bardagann í fyrstu lotunum og sé fyrir mér að það gæti gerst. Ég veit líka að Mayweather hefur aldrei farið gegn svona bardagamanni áður. Conor er ekki boxari þó svo að hann kunni það ótrúlega vel. Það er bara svo margt í stíl hans sem Mayweather hefur ekki séð. Hann hefur aldrei skipst á höggum við MMA-bardagamann. Það er bara öðruvísi.“

### Engin látalæti

Óhætt er að segja að Conor McGregor njóti sín í sviðsljósinu. Hann hefur verið óhræddur við yfirlýsingar og lofar því að hann muni slá Mayweather í rot í fyrstu lotunum, fjórðu eða jafnvel annarri. En Gunnar bendir á að Conor hafi góða stjórn á tilfinningum sínum.

„Hann er mjög rólegur og yfirvegaður þegar hann þarf að vera það. Svona er hann bara. Þetta eru ekki látalæti, hann er eins og hann hefur alltaf verið,“ segir Gunnar sem spáir vitaskuld sínum manni sigri.

„Ég ætla að segja að hann klári Mayweather í sjöttu lotu með rothöggi.“ **eirikur@frettabladid.is**

CITROËN




# NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Innbyggð myndavél, ConnectedCam™**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

International engine of the year awards 2017

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## Merkisatburðir

**1895** Hið skagfirska kvenfélag er stofnað sem starfar síðar sem Kvenfélag Sauðárkróks.

**1902** Sighvatur Árnason lætur af þingmennsku. Hann er þá rúmlega 78 ára, elstur þeirra sem hafa setið á Alþingi.



**1958** Bandaríski leikstjórinn og framleiðandinn **Tim Burton** fæðist.

**1970** Stífla í Miðkvísl í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu er sprengd til að mótmæla stækkun Laxárvirkjunar. Samkomulag næst í Laxárdeilunni í maí 1973.

**1991** Hvíta-Rússland lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**2007** Valur vígir Vodafonehöllina.



Guðbjörg Astrid Skúladóttir (t.v.) lætur af störfum sem skólastjóri Klassíska listdansskólans og Hrafnhildur Einarsdóttir tekur við.

# Nýir tímar fram undan eftir 24 ár sem skólastjóri

**Guðbjörg Astrid Skúladóttir, fyrrverandi skólastjóri Klassíska listdansskólans, stendur á tímamótum því nýverið lét hún af störfum sem skólastjóri eftir 24 ár í starfi. Guðbjörg Astrid fékk snemma áhuga á dansi og síðan þá hefur líf hennar snúist um dansinn.**

Guðbjörg Astrid Skúladóttir stofnaði Klassíska listdansskólann árið 1993 og hefur verið skólastjóri síðan. En nú eru nýir tímar fram undan því Guðbjörg Astrid hefur látið af störfum sem skólastjóri eftir 24 ár og við keflinu tekur danshöfundurinn og dansarinn Hrafnhildur Einarsdóttir.

„Mig hefur alltaf langað að vinna að verkefnum sem eru flóknari og meira krefjandi en það sem við gerum með nemendum skólans, þó að við höfum alltaf sett upp ótrúlega mikilfengleg verk og flókna dansa með nemendum skólans. Þegar maður er í fullu starfi við að reka skóla, kenna mikið og sjá um allt í kringum skólann þá finnst ekki tími til að sinna öðrum verkefnum,“ svarar Guðbjörg Astrid spurð út í þau tímamót sem hún stendur á.

„Núna ætla ég að reyna að vinna í nokkrum stærri dansverkefnum. Þetta snýst allt um dans og sumt af þessu er búið að vera draumur lengi, alveg frá því áður en ég opnaði skólann. Það er vonandi að sú ósk verði að veruleika í vor.“

Guðbjörg Astrid ætlar ekki að segja skilið við dansinn né Klassíska listdansskólann þó að hún verði ekki áfram skólastjóri. „Ég er ekkert hætt. Ég verð alveg viðriðin skólann þó ég sé ekki í daglegum rekstri og ég kem til með að kenna eitthvað áfram. Það eru vissir hlutir sem ég ætla að halda utan um með Hrafnhildi í skólanum því þetta er mikið prógramm sem skólinn býður upp á. Ég er sko ekkert farin,“ segir Guðbjörg Astrid með bros á vör.

> Ég er ekkert hætt. Ég verð alveg viðriðin skólann þó ég sé ekki í daglegum rekstri og ég kem til með að kenna eitthvað áfram.

Guðbjörg Astrid segir mikla breytingar hafa átt sér stað síðan skólinn var stofnaður fyrir 24 árum. „Við stofnun skólans var ég með rúmlega 40 nemendur, sem er góð byrjun. Þá var ég eini kennarinn og var það fram eftir. Svo seinna fékk ég aðstoð tveggja elstu nemenda skólans og í rauninni fæ ég ekki almennilega hjálp fyrr en árið 2006. Þá stofnaði ég framhaldsbrautina.“

Rekstur skólans hefur greinilega verið mikil vinna fyrir Guðbjörgu Astrid. Þetta byrjaði meira að segja þannig að hún saumaði alla búninga sjálf. En í dag nýtur Guðbjörg Astrid góðrar aðstoðar en heldur áfram utan um búningana fyrir sýningar. „Búningahlutinn er stór þáttur í sýningum okkar, það er mikilvægt að allir séu í réttum klæðum þegar verið er að dansa,“ útskýrir Guðbjörg Astrid sem fékk áhuga á dansi snemma á lífsleiðinni.

„Ég fæ áhugann þegar ég er bara sex ára og byrja í ballettskóla þegar ég er átta ára. Og síðan þá hefur þetta alltaf verið partur af mér. Þetta er mikið áhugamál og mér þykir mjög vænt um það sem ég er að gera. Svo þykir mér mjög gaman að sjá nemendur mína vaxa og finna sig í danslistinni, eða bara einhverju öðru,“ segir Guðbjörg Astrid.

Það eru nýir tímar fram undan hjá Guðbjörgu Astrid og Klassíska listdansskólanum en skólinn mun halda áfram að sinna sínu metnaðarfulla starfi með dansnámi frá þriggja til 15 ára og framhaldsbraut í listdansi fyrir 16 ára og eldri. Til viðbótar verður boðið upp á opna braut sem er undirbúningsnám fyrir þá sem ekki hafa nægilegan bakgrunn í dansi til að komast inn á framhaldsbraut. **gudnyhronn@365.is**

---



✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ragnheiður Valtýsdóttir**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 10. ágúst 2017. Útförin mun fara fram í Seljakirkju mánudaginn 28. ágúst nk. kl. 13.00.

**Sigurður Þorleifsson**
**Sveinn Valtýr Sveinsson** **Lísa Björg Ingvarsdóttir**
**Bjarki Þór Sveinsson** **Laufey Unnur Hjálmarsdóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Helgi Pálmason**
frá Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 16. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Magnús Jónsson** **Ásthildur M. Kristjánsdóttir**
**Unnur Jónsdóttir** **Karl Albert Manuelsson**
**Pálmi Jónsson** **Margrét Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær bróðir okkar,

**Ingólfur Hauksson**
til heimilis í Þorláksgeisla 70, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 17. ágúst síðastliðinn.

**Ásta Kristín Sæmundsdóttir Normann**
**Kjartan Sæmundsson**
**Guðrún Sæmundsdóttir**
**Gunnar Hauksson**
**Ingibjörg Hauksdóttir**
**Birgir Hauksson**

---



✝

Elskuleg eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Jónsdóttir**
Bröttugötu 4A, Borgarnesi,

lést á Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi, laugardaginn 19. ágúst. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju mánudaginn 28. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Guðmundur Pétursson**
**Guðlaug Lára Guðmundsdóttir** **Ólafur Þór Valdemarsson**
**María Erla Guðmundsdóttir** **Pétur V. Hannesson**
**Pétur B. Guðmundsson** **Guðfinna Gísladóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Frændi okkar og mágur,

**Pétur Elías Lárusson**

lést á Landspítalanum 2. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar nágrönnum, ættingjum, vinum og þeim sem önnuðust hann á gjörgæslu og deild 12E fyrir umhyggju og veitta aðstoð.

**Aðstandendur**

---



✝

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sólveigar Tryggvadóttur**
Tryggvastöðum, Lindarbraut 27, Seltjarnarnesi.

**Steinunn Ásta, Tryggvi, Hjálmur Þorsteinn og fjölskyldur.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST 2017



**Átta ólíkir íbúar Akureyrar eru viðfangsefni sýningarinnar Fólkið í bænum sem ég bý í, sem hefst á Akureyri í kvöld.**

lífsstíll →4






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vísindamenn þurfa að ná eyrum almennings

Dr. Lilja Kjalarsdóttir varð ástfangin af sameind sem skynjar orkuna í frumum líkamans í lífefnafræði í HÍ. Það leiddi til þess að hún fór að rannsaka sykursýki í Bandaríkjunum. Hún heldur fyrirlestur á ráðstefnunni Who Wants to Live Forever í haust og fjallar um hvað gerist í kjarna hverrar frumu þegar menn borða og hreyfa sig. →2

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Við vitum öll að hreyfing og hollt mataræði skiptir sköpum fyrir heilbrigt og gott líf en færri vita nákvæmlega af hverju og hvaða ferlar liggja þar að baki. „Læknar og fræðimenn liggja á ýmsum vísindauppgötvunum og sem eiga mikið erindi við almenning en oft dregst það á langinn að þær komist til skila. Icelandic Health Symposium, sem stendur á bak við alþjóðlegar heilsuráðstefnur á Íslandi, leitast við að brúa það bil og er ég afar þakklát fyrir að fá tækifæri til að leggja mitt af mörkum,“ segir Lilja. Samtökin stóðu fyrir ráðstefnunni Foodloose í fyrra en þar fjölluðu hinir ýmsu fræði- og áhugamenn um nýjustu uppgötvanir tengdar mataræði og lífsstílssjúkdómum. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er Who Wants to Live Forever en þar verður fjallað um áhrif lífsstíls á líkamann og hvað sé hægt að gera til að bæði lengja og bæta líf.

Fyrirlesararnir í ár eru ýmist vísindamenn, læknar, næringarfræðingar eða lífsstílsráðgjafar. Lilja er eini Íslendingurinn á mælendaskrá.

## Keppti í fótbolta og fitness

Áhugi hennar á lífefnafræði hófst snemma en hún tengir það við mikinn íþróttaáhuga í æsku. Hún er alin upp í Stjörnunni, spilaði fótbolta með öllum unglingalandsliðunum og var fyrirliði liðsins um skeið. Hún þótti sömuleiðis vel byggð og var reglulega hvött til að fara í fitness. „Ég hlustaði nú ekki á það í fyrstu. Ég var líka með teina og gat ekki hugsað mér að flíka þeim á sviði. Ég losnaði við þá þegar ég var nítján og lét þá slag standa. Mér var bent á einkaþjálfarann Svavar Sigursteinsson í Betrunarhúsinu í Garðabæ. Þá voru sjö vikur í mót og hann kom mér á verðlaunapall,“ segir Lilja sem hafnaði í öðru sæti á sínu fyrsta móti. „Ég er heppin með byggingu og efnaskipti og þurfti ekki að hafa mikið fyrir þessu auk þess sem ég var í góðu formi fyrir.“ Lilja og Svavar hófu í kjölfarið sambúð og grínast stundum með að hún hafi aldrei þurft að borga. Þau hafa verið saman síðan, eru gift og eiga tvö börn.

Samhliða íþróttaiðkuninni gekk Lilja í Fjölbraut í Garðabæ. „Ég hafði alltaf átt auðvelt með nám en hafði sérstakan áhuga á raungreinum,“ segir Lilja sem dúxaði í efnafræði á stúdentsprófi. Þaðan lá leiðin í lífefnafræði í Háskóla Íslands.

## Eitt stærsta vandamál samtímans

Lilja fór fljótt að einbeita sér að efnaskiptum. „Sem íþróttamanneskja ertu alltaf að hugsa hvað þú getur borðað til að hafa orku fyrir og eftir æfingar, mót og leiki. Ég er sannfærð um að það hafi ýtt undir áhuga minn á að kafa ofan í þessi mál. Í lok námsins kynntist ég svo mólikúli eða sameind sem ég varð yfir mig ástfangin af. Hún kallast AMPK og skynjar hver orkan í frumunni er hverju sinni. Ef orkan er há slekkur hún á ferlum sem nota mikla orku. Ef hún er lág kveikir hún m.a. á fitusýruoxun til að ná henni aftur upp,“ útskýrir Lilja en þessi litla sameind varð til þess að áhugi hennar á sykursýki kviknaði.

Lilja hélt næst í doktorsnám til Bandaríkjanna, nánar tiltekið í UT Southwestern Medical Center í Dallas. „Ég valdi að fara þangað vegna þess að þar er mikið af prófessorum sem hafa stúderað efnaskipti og sykursýki. Þetta er líka flottur skóli með fjóra núlifandi Nóbelsverðlaunahafa við störf.“ Þar starfaði Lilja á rannsóknastofu sem rannsakar Beta-frumur. Þær búa til insúlín og eru menn að skoða af hverju þær gefast upp í sykursýki 2. „Ég hafði mikið velt fyrir mér fæðubótarefnum í tengslum við fitness-ferilinn minn og ákvað að skoða sérstaklega áhrif D-vítamíns á heilsu þessara frumna.“ Lilja lauk doktorsnámi 2011 en áhuginn á sykursýki hafði síður en svo dofnað.

„Þetta er svo rosalega stórt vandamál. Ekki aðeins fyrir þá einstaklinga sem þjást heldur líka samfélagið og efnahag,“ segir Lilja en að hennar sögn er útlit fyrir að heilu samfélögin verði að endingu gjaldþrota vegna þessa eina sjúkdóms og afleiðinga hans.



Lilja og Svavar, eiginmaður hennar, reyna hér við steinana í Dritvík ásamt sonunum tveimur.



Lilja keppti fjórum sinnum í fitness. Hún endaði þrisvar á verðlaunapalli og einu sinni í fjórða sæti.

## Raunveruleg þörf á hreyfingu

Eftir að hafa skoðað frumurnar sem búa til insúlínið langaði Lilju að rannsaka vefina sem bregðast við því. „Þegar þú borðar hækkar blóðsykurinn. Beta-frumurnar skynja það og dæla insúlíni út í blóðið sem svo talar við vöðva, fitu, lifur og aðra vefi sem eru móttækilegir fyrir insúlíni og segir þeim að lækka glúkósann. Þannig virkar hringrásin. Mig langaði að kanna þetta nánar og valdi rannsóknastofu við Duke University. Þar fór ég að skoða hvatbera í vöðvum en hvatberi er í raun orkuver hverrar frumu. Næringarefnum er dælt inn í hann og úr þeim býr hann til orkuríkar sameindir sem keyra líkamann áfram. Ef hann er undir of miklu álagi hættir hann að virka sem skyldi og það getur aftur valdið insúlínónæmi.“ Að sögn Lilju sýna æ fleiri rannsóknir að bein tenging sé á milli virkni umrædds hvatbera, lífsstílssjúkdóma og öldrunar og er til mikils að vinna að halda honum heilbrigðum.

Hún komst að því að með því að dæla meiri næringu en fruman notar inn í hvatberann safnast næringarefni upp og stífla hann.

„Þetta er eins og að kasta spreki á bál. Það er nauðsynlegt svo það lifi en ef þú hendir heilum bunka á bálið slokknar það. Í þessu samhengi segir Lilja mikilvægt að inna af hendi vinnu á móti. „Þetta er eins konar ofeldi og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða kolvetni, prótein eða fitu. Ef næringarefnum er sífellt dælt inn í frumurnar en engin hreyfing kemur á móti fyllist hvatberinn af efnaskiptaefnum sem komast hvorki lönd né strönd. Við sjáum því á sameindagrunni hversu nauðsynlegt er að hreyfa sig,“ segir Lilja en bendir um leið á hversu stórt vandamál hreyfingarleysi er í nútímanum. „Ég æfi Bootcamp þrisvar til fjórum sinnum í viku sem þykir nú nokkuð gott. Að öðru leyti er ég kyrrsetumanneskja á rannsóknarstofu dögum saman. Þannig er það hjá okkur flestum.“

Lilja var tvö og hálft ár í Duke og náði að sögn flottri birtingu um áhrif þessarar samsöfnunar næringarefna í hvatberanum í Cell Reports. Henni bauðst síðar starf framkvæmdastjóra rannsóknar- og þróunar hjá Genís á Íslandi sem þróar fæðubótarefni og lækningatæki úr rækjuskel. „Þar áttaði ég mig enn betur á hvað hreyfing er mikilvæg. Ekki síst fyrir stoðkerfið enda leiddu rannsóknir okkar berlega í ljós að þar sem hreyfing og álag á beinagrindina er meira kemur bati fyrr í ljós.“ Lilja starfar nú að sérstöku beinaverkefni á Landspítalanum með prófessor Halldóri Jónssyni Jr. bæklunarskurðlækni.

## Ótrúlegt hvað líkaminn getur

Lilja hefur kafað djúpt ofan í áhrif mataræðis og hreyfingar á heilsuna og segir í raun ótrúlegt hvað líkaminn getur gert til að lækna sig sjálfur ef hann fær aðstæður og tækifæri til. „Mig langar mikið til að fræða fólk um það og leggja þannig mitt af mörkum til lýðheilsunnar. Því finnst mér ráðstefna eins og Who Wants to Live Forever ómetanleg.“

Lilja mun fjalla um hvað sé hægt að gera til að halda hvatberanum unglegum þrátt fyrir hækkandi aldur og hvernig skynsamleg hreyfing og holt mataræði geti viðhaldið heilbrigðu stoðkerfi langt fram eftir aldri.

En aðhyllist hún sjálf eitthvert ákveðið mataræði? „Ég hef farið á stranga kúra í kringum fitness-keppnir en komist að því að það hentar mér illa. Við erum öll ólík og hver og einn þarf að finna út hvað hentar honum. Ég vel að hafa nokkuð jafna skiptingu á milli próteina, fitu og kolvetna en reyni þó helst að sneiða hjá því síðastnefnda og borða þeim mun meira grænmeti. Ef það er einhver ein ráðlegging sem ég get gefið er það að forðast sætindi og einfaldan sykur. Hann gerir engum gott.“

Aðspurð segir Lilja ekki ólíklegt að hún leggi land undir fót á ný en hún hefur meðal annars verið í viðræðum við fyrirtæki sem hyggst þróa mælitæki byggð á blóðprufum sem gefa fólki vísbendingar um yfirvofandi sjúkdóma þannig að hægt sé að grípa inn í snemma í sjúkdómsferlinum. „Það er mikill þróun í þá átt í öldrunarfræðunum en með slíkri tækni er fólk í raun komið með vísindalega ástæðu til að grípa inn í og breyta lífsstílnum.“

Ráðstefnan Who Wants to Live Forever verður haldin föstudaginn 8. september. Nánari upplýsingar er að finna á www.liveforever.is



Lilja var lengi vel fyrirliði Stjörnunnar í fótbolta. Hún annaðist sömuleiðis þjálfun yngri flokka.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Fartölvur

FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST 2017

Kynningar: Advania, iStore



Þorsteinn Máni Bessason er vörustjóri notendalausna hjá Advania sem selur Dell-fartölvur í útgáfum við allra hæfi. Þær hafa í áraraðir notið vinsælda meðal íslenskra tölvunotenda. MYND/ANTON BRINK

## Frábærar skólavélar frá Dell

Ef þig dreymir um að eignast vandaða fartölvu ættir þú að gera þér ferð til Advania því þar er að finna mikið úrval tölva fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Tölvurnar eru frá Dell, og hafa átt miklum vinsældum að fagna hér á landi um árabil. Verðbilið er frá 39.990 krónum og upp úr. →2

Framhald af forsíðu ➜

Dell er góður og traustur förunautur í dagsins önn, og hefur um árabil verið einn vinsælasti fartölvuframleiðandinn hjá íslenskum neytendum. Ástæðan kemur lítið á óvart því Dell-vélarnar eru sterkbyggðar og endingargóðar," segir Þorsteinn Máni Bessason, vörustjóri notendalausna hjá Advania, sem býður mikið úrval fartölva frá Dell. Fartölvurnar hafa ólíka kosti og eiginleika sem þýðir að auðvelt er fyrir neytendur að finna réttu fartölvuna.

### „2-in-1“ fartölvur vinsælastar

Fartölvur Dell henta jafnt einstaklingum og fyrirtækjum.

„Nú í byrjun skólavertíðar er vinsælasta vélin hjá okkur úr Dell Inspiron-línunni. Hún er svokölluð „2-in-1“ vél sem sameinar notagildi fartölvu og spjaldtölvu. Hægt er að nota vélina á hefðbundinn máta og í öll almenn not, en þar sem hún er einnig með snertiskjá og lömum sem snúast 360° er hægt að snúa skjánum við og þar með breyta henni í spjaldtölvu. Sá eiginleiki nýtur vinsælda hjá þeim sem eru mikið á ferðinni og vilja geta gripið í tölvuna án þess að þurfa að setja hana upp á borð eða í kjöltuna," útskýrir Þorsteinn.

Þessi frábæra fartölva er sömuleiðis hentug fyrir þá sem halda kynningar og vilja hafa vélina við höndina.

„Hægt er að stilla henni upp líkt og tjaldi og setja á borð, og er það afar hentugt fyrir þá sem nýta tölvuna til að horfa á bíómyndir eða þætti. Vélin tekur þá minna pláss og er auðveldara fyrir fleiri en einn að horfa á saman."

Dell Inspiron fæst í mismunandi útfærslum og þremur stærðum, 13", 15" og 17". Vélarnar eru léttar, meðfærilegar og með frábærri rafhlöðuendingu.

„Vinsælasta „2-in-1“ vélin er 15"-útgáfan, enda kraftmikil og á frábæru verði. Hún státar af nýjustu gerð Intel i5 örgjörva, FullHD snertiskjá, 8 GB vinnsluminni og 256 GB SSD hörðum diski. SSD-diskar hafa að undanförnu rutt sér mjög til rúms enda verða neytendur sífellt betur upplýstir um kosti þeirra fram yfir hina hefðbundnu hörðu diska. Því er frábært að geta boðið þessa vel útbúnu fartölvu á viðráðanlegu verði, 129.990 krónur, en þess má geta að ódýrasta „2-in-1“ vélin kostar 99.990 krónur," upplýsir Þorsteinn.



Dell Inspiron „2-in-1“-fartölvan er einstaklega skemmtileg og býður upp á fjölbreytta notkunarmöguleika með snertiskjá og lömum sem snúast 360°.

### Flaggskipið frá Dell

Ekki er hægt að tala um fartölvur frá Dell án þess að nefna hina margverðlaunuðu XPS-vél.

„XPS er flaggskip Dell og í raun einstök í stærðarflokknum; blaðþunn, létt og meðfærileg með „edge-to-edge“ FHD Infinity-skjá. Hún er sláandi falleg og er ytra byrðið skorið úr heilum álkubb sem gerir það að verkum að vélin er bæði sterkbyggð og fögur," segir Þorsteinn um stolt Dell-fjölskyldunnar.

„XPS er ekki aðeins flott og meðfærileg heldur er hún búin kraftmiklum vélbúnaði undir húddinu. Viðskiptavinum stendur til boða að fá tölvuna í nokkrum útfærslum og er meðal annars hægt að fá þær með i7 Kaby Lake, nýjustu kynslóð örgjörva frá Intel, SSD-disk og allt að 32 GB vinnsluminni. Rafhlöðuendingin er einstaklega góð og samkvæmt framleiðanda er ending rafhlöðu við ritvinnslu í Microsoft Word um 22 klukkutímar á fullri hleðslu. Dell fullyrðir að með því að kaupa XPS-fartölvu fái notendur það besta úr báðum heimum þar sem vélin sameinar mikið afl í smágerðri vél," segir Þorsteinn.

Hann hvetur alla sem eru í fartölvuhugleiðingum til að kíkja í heimsókn í verslanir Advania í Guðrúnartúni 10 í Reykjavík eða á Tryggvabraut 10 á Akureyri.

„Sérfræðingar okkar taka vel á móti ykkur og aðstoða við að finna fartölvu sem ykkur hentar best."

Sjá nánar á advania.is.



XPS-fartölvan er flaggskip Dell og margverðlaunuð fyrir fegurð, kraft, úthald og gæði. Einnig er vélin með einstökum Infinity Edge-skjá. MYNDIR/ANTON BRINK

# Þjónusta fyrir námsmenn

## Auk úrvals vara frá Apple er iStore í Kringlunni þekkt fyrir frábæra þjónustu við viðskiptavini sína. MacBook-fartölvurnar hafa notið mikilla vinsælda meðal nemenda og starfsfólks í atvinnulífinu

Verslunin iStore í Kringlunni sérhæfir sig í sölu á Apple-vörum, þ.m.t. hinum vönduðu og vinsælu MacBook fartölvum. iStore er á engan hátt tengd versluninni Epli og liggur helsta sérstaða verslunarinnar í frábærri þjónustu við viðskiptavini sína að sögn Sigurðar Helgasonar, eiganda iStore. „Við leggjum sérstaklega mikið upp úr að þjónusta viðskiptavini með skjótum og sveigjanlegum vinnubrögðum. Sem dæmi erum við eina verslunin hérlendis sem lánar viðskiptavinum sambærilegar fartölvur meðan viðgerð stendur yfir, án endurgjalds. Því þurfa viðskiptavinir okkar ekki að bíða í allt að tvær vikur eftir tölvunni úr viðgerð og geta því haldið námi sínu og starfi áfram af fullum krafti."

### Frábær þjónusta

Ef eitthvað kemur upp á varðandi hugbúnaðinn, t.d. stýrikerfi tölvunnar, er tölvan sett upp á nýtt og komið í lag segir Sigurður. „Þessa þjónustu veitum við líka ókeypis á meðan flestir aðrir rukka fyrir hana enda eru hugbúnaður og stýrikerfi venjulega ekki í ábyrgð.



Fartölvurnar í iStore eru mjög vinsælar meðal nemenda. MYNDIR/ANTON BRINK

Við gerum það hins vegar og ekki nóg með það, við veitum líka ókeypis þjónustu og viðbrögð umfram ábyrgðartímann. Til okkar koma t.d. viðskiptavinir með allt að fjögurra ára gamlar tölvur en við erum enn að hjálpa þeim að kostnaðarlausu. Það má því segja að viðskiptavinurinn detti sjálfkrafa inn í VIP-klúbb hjá okkur enda kunnum við vel að meta þá sem skipta við okkur og þeir finna um leið fyrir því."

Hann segir þessa góða þjónustu vera meginmuninn á þeim og samkeppnisaðila sínum. „iStore er vissulega litli aðilinn á markaðinum en við erum svo sannarlega ekki með neina minnimáttarkennd. Við erum að selja sömu vörur og hinir eru að gera en aðgreinum okkur með frábærri þjónustu sem viðskiptavinir okkar kunna svo sannarlega vel að meta."

### Úrval fartölva

Hingað til hefur MacBook Air notið mestra vinsælda hjá framhaldsskóla- og háskólanemendum. „MacBook Air 13" hefur verið mjög vinsæl hjá okkur. Hún er á mjög viðráðanlegu verði, hefur mjög góða rafhlöðuendingu og 128 GB. Undanfarið höfum við þó séð aukningu í sölu á MacBook Air 13" 256 GB og MacBook Pro með Touch Bar snertistiku. Þessar fartölvur eru af næstu kynslóð fartölva, eru hraðvirkari og með nýjustu gerð af USB-tengi sem er alhliða tengi sem mun ganga í allt í framtíðinni. Virkilega öflugar og flottar fartölvur."

> iStore er vissulega litli aðilinn á markaðinum en við erum svo sannarlega ekki með neina minnimáttarkennd.
>
> Sigurður Helgason



Á þeim sjö árum sem liðin eru síðan iStore opnaði verslun sína hafa eigendur hennar verið duglegir að styrkja langveik börn. „Við höfum gefið 53 iPad spjaldtölvur til langveikra barna sem hefur mælst mjög vel fyrir. Við ætlum að sjálfsögðu að halda þessu áfram enda gleðja gjafirnar börnin heilmikið og styrkja þau í veikindum þeirra."

Allar nánari upplýsingar um fartölvur og aðrar vörur iStore má finna á www.istore.is.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# ÖFLUGAR FRÁ ASUS

tl.is

ASUS




## 360° ZENBOOK FLIP MEÐ QHD+

### FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA

ASU-UX360UADQ134T

BREYTIST Í SPJALDTÖLVU VIÐ AÐ SNÚA SKJÁ AÐ BAKHLIÐ. AUKIÐ VINNUPLÁSS MEÐ WQHD SKJÁ MEÐ 3200X1800 UPPLAUSN

13,3'' QHD+
- INTEL i5
- INTEL HD 520
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**179.995**



## KRAFTMIKIL OG GLÆSILEG MEÐ i5

### HRAÐUR 256GB SSD

ASU-F556UADM1023T

FULLKOMIN Í SKÓLANN. FLOTT HÖNNUN, INTEL i5 ÖRGJÖRVI, 8GB VINNSLUMINNI, 256GB SSD OG FHD SKJÁR.

15,6'' FULL HD
- INTEL i5
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 258GB SSD

**109.995**

## HRAÐVIRK MEÐ 512GB SSD

### INTEL CORE i7

ASU-X556URDM393T

SÉRSTAKLEGA SPRÆK VINNSLA MEÐ INTEL i7, 8GB VINNSLUMINNI OG 512GB SSD DISKI. FHD SKJÁR OG ÖFLUGT 930MX SKJÁKORT.

15,6'' FULL HD
- INTEL CORE i7
- nVidia 930MX
- 8GB MINNI
- 512GB SSD



**149.995**



## VINNUHESTUR MEÐ INTEL i7

### KRAFTMIKIL OG ÖFLUG

ASU-F556UADM1024T

FARTÖLVA SEM LÆTUR EKKI BÍÐA EFTIR SÉR. INTEL I7, 256GB SSD OG 8GB VINNSLUMINNI. FHD SKJÁR OG INTEL HD620 GRAFÍKKJARNI.

15,6'' FULL HD
- INTEL CORE i7
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**139.995**

## ROG LEIKJAVÉL MEÐ 6GB GTX1060

### VR READY OG G-SYNC

ASU-GL502VMFY211T

HÖRKU LEIKJATÖLVA MEÐ INTEL I7 HQ OG 6GB GTX1060M VR READY SKJÁKORTI. 15,6'' FHD LEIKJASKJÁR MEÐ G-SYNC OG RAUÐRI BAKLÝSINGU.

15,6'' FHD IPS
- INTEL CORE i7 HQ
- NVIDIA GTX1060 6GB
- 8GB MINNI
- 256GB SSD




**219.995**




F-Secure

### VÍRUSVÖRN FYLGIR !

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

# Bestu fartölvur 2017

Ritstjórn vefsíðunnar Cnet, sem sérhæfir sig í umfjöllun um nýjustu tækni og flottustu tólin, tók í sumar saman þær fartölvur sem þykja skara fram úr á árinu. Hér er listi yfir þær þrettán bestu:

**Apple MacBook Pro with Touch Bar, 13 tommur (2016)**
Hin sniðuga snertistika á stóran þátt í því að halda þessari á toppi listans.

**HP Spectre x360, 13 tommur (2017)**
Þessi “2in1” blendingstölva (blanda af spjaldtölvu og fartölvu) þykir frábærlega hönnuð og með einstök afköst.

**Apple MacBook, 12 tommur (2017)**
Nokkrar nýjungar og endurbætur gera þessa fartölvu að góðum kosti fyrir almenna notkun.

**Lenovo Yoga 910, 13 tommur**
Tölvan er á stærð við 13 tommu fartölvu en skjárinn er hins vegar 14 tommur.

**Lenovo Miix 510**
Þessi hentar vel þeim sem vilja “2in1” blendingsfartölvu, (blöndu af spjaldtölvu og fartölvu) á borð við þær sem Microsoft býður upp á, en á aðeins minni pening.

**Razer Blade Stealth**
Flott tækni fyrir minni pening.

**Samsung Chromebook Pro**
Ekki hægt að líkja þessari saman við dýrar gæðafartölvur, en hún þykir með þeim betri miðað við lágt verð, 500 dollara.

**Dell XPS 13**
Þykir besta “2in1” blendingsfartölvan (blanda af spjaldtölvu og fartölvu).

**Microsoft Surface Pro (2017)**

**Microsoft Surface Laptop**

**HP Spectre x360, 15 tommur (2017)**

**Acer Aspire VX 15**

**Asus Chromebook Flip**





# UTmessan sívinsæla

UTmessan hefur verið haldin árlega hér á landi síðan árið 2011 og síðustu árin í Hörpu í Reykjavík. Fyrri dagur hennar er helgaður ráðstefnu og sýningu fyrir fagfólk í upplýsingatækni en seinni dagurinn er ætlaður almenningi þar sem ýmis fyrirtæki í greininni sýna og kynna vörur sínar og þjónustu, auk þess sem boðið er upp á fjölmörg skemmtileg atriði fyrir fólk á öllum aldri, ekki síst börn og unglinga.

Árið 2017 komu um 13.000 gestir í Hörpu á UTmessunni þegar hún var opin almenningi.

Ýmis fyrirtæki og stofnanir sýndu á um 100 sýningarbásum og tæplega 50 fyrirlesarar héldu erindi.

Það eru Skýrslutæknifélag Íslands (SKÝ) í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins (SUT, IGI, SSP) sem standur að Utmessunni. Einnig er unnið náið með tengiliðum Platinum samstarfsaðila.

Næsta UTMessa verður haldin í Hörpu dagana 2.-3. febrúar 2018 og er almenningi óhætt að taka seinni daginn frá. Nánari dagskrá kemur á www.utmessan.is í lok janúar.



Mikilvægt er að nota réttu birtuna þegar unnið er á fartölvu.

# Rétt birta mikilvæg

Fartölvur eru hið mesta þarfaþing og fáir sem geta hugsað sér lífið án þess að eiga eina slíka. Þeir sem nota fartölvu við vinnu sína ættu að huga vel að sjóninni og fara reglulega í skoðun hjá augnlækni. Eitt af því sem skiptir hvað mestu máli til að vernda augun er birtan. Hún má hvorki vera of skær í umhverfinu né á skjánum. Of skær birta getur valdið höfuðverk og óþægindum. Hægt er að draga fyrir gluggana þegar sólin skín og nota ljósaperur með fremur daufri lýsingu til þess að draga úr birtu. Hvítir veggir varpa miklu ljósi frá sér og því eru dökkir, mattir veggir ákjósanlegri þar sem unnið er í fartölvum. Skjárinn á ekki að vera of bjartur. Ef hann er eins og lampi sem lýsir upp herbergið er hann of skær, hann á ekki heldur að vera grár og dökkur heldur á birtan að vera þægileg fyrir notandann. Best er að lesa af skjá þegar grunnurinn er hvítur og stafirnir dökkir. Svo hjálpar til að taka af og til pásu frá skjánum.





12.990
502 TAPER
Levi's
Vörunúmer
29507-0031 svartar
Danmörk kr 15.376*
Svíþjóð kr. 13.316*
skv. verðskrá Levi.com & Isl.banka 23.08.17
LIVE IN Levi's
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi

# Engar hefðbundnar sögur

Átta ólíkir íbúar Akureyrar eru viðfangsefni sýningarinnar Fólkið í bænum sem ég bý í, sem hefst á Akureyri í kvöld. Boðið verður upp á örheimildarmyndir, ljósmyndir og persónulega muni.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Fólkið í bænum sem ég bý í, er óvenjuleg og skemmtileg listsýning sem verður opnuð í kvöld á Akureyri í tengslum við árlega Akureyrarvöku. Sýningin fjallar um átta ólíka einstaklinga sem búsettir eru í bænum og samanstendur af átta örheimildarmyndum um hvern þeirra, ýmsum persónulegum hlutum frá þeim sem sýningargestir mega handleika auk einnar flíkur frá hverjum sem hangir uppi á sýningunni.

Sýningin er runnin undan rifjum Birnu Pétursdóttur og Árna Þórs Theodórssonar, sem eru eigendur Flugu hugmyndahúss, en hugmyndin kviknaði nokkurn veginn samhliða stofnun fyrirtækisins á síðasta ári, að sögn Birnu. „Við sátum mörg löng kvöld og veltum fyrir okkur hvers konar verkefni væri gaman að fást við í nýju fyrirtæki. Þessi hugmynd kom mjög fljótt upp og þróaðist svo með okkur þann tíma sem tók að koma fyrirtækinu í gang. Með fjölgun verkefna datt þessi hugmynd til hliðar um tíma. Þegar Eyþing auglýsti eftir styrkumsóknum kom hugmyndin aftur upp á yfirborðið og við þróuðum hana áfram yfir í það form sem er á henni í dag. Verkefnið er styrkt af Eyþingi og Akureyrarstofu og Daníel Starrason ljósmyndari tók myndir fyrir sýninguna.“




Sýningin Fólkið í bænum sem ég bý í, er hugmynd Árna Þórs Theodórssonar og Birnu Pétursdóttur.

## Ólíkir einstaklingar

Þeir átta einstaklingar sem fjallað er um koma úr ólíkum áttum og eru á ólíkum aldri. Nánast eini sameiginlegi flötur þeirra er búseta í bænum að sögn Árna Þórs. „Kynjahlutföllin eru jöfn, fjórar konur og fjórir karlar. Bakgrunnur þeirra er mjög ólíkur en þarna má m.a. finna leikritaskáld, fornleifafræðing, make-up artista og plötusnúð. Við ákváðum fljótt að velja fólk sem fæst við eitthvað óvenjulegt, eitthvað sem er ekki sýnilegt eða fyrir allra augum dagsdaglega. Einnig vildum við velja fólk sem hefur ekki hefðbundna sögu að segja og þessir einstaklingar þurftu ekki endilega að vera fæddir og uppaldir á Akureyri. Það er nefnilega líka áhugavert að heyra hvers vegna fólk hefur ákveðið að setjast að hérna.“

## Mikil fjölbreytni

Þau segja bæði það hafa komið sér á óvart, þegar þau hófu undirbúning sýningarinnar, hversu margir komu í raun til greina á ekki stærri stað en Akureyri. „Á Akureyri er svo fjölbreytt mannlíf og það væri auðvelt að finna fólk í ansi margar sýningar til viðbótar. Það sem svo kannski kom mest á óvart í samskiptum við þessa átta aðila var hversu opnir Akureyringar eru. Sú mýta að Akureyringar séu svo lokaðir er hér með afsönnuð.“

Sýningin verður opnuð í kvöld kl. 20.30 á Ráðhústorgi 7 og er gengið inn um rauðu dyrnar. Einnig verður hún opin á morgun, laugardag, milli kl. 14 og 17. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Fólkið í bænum sem ég bý í. Verkefni Flugu hugmyndahúss má einnig kynna sér á Facebook.



# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

## Bílar til sölu



**MATARBÍLL TIL SÖLU.**
Allt nýtt, rafmagn, gas og innréttingar, fullur af græjum, ekkert 30þ. skoðaður 19 Verð aðeins 3.,5. Meiri uppl. 820-5181



Benz E-500, 2002, 310 hö. einn eigandi frá upphafi. Verð 1,1 mill. 898-4202

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



Parketslípun/sólpallaslípun/parketvélaleiga um allt land. www.parketslipunmeistarans.is -7817200 í Reykjavík og Akureyri.

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Fyrirtæki




Til sölu tattoo- og snyrtingastofa staðsett í Fákafeni 9, 108 Reykjavík. Upplýsingar í s. 7774314 og netfang sin.sibiri@hotmail.com

## Atvinna

BRAUT BÍLASALA

### Sölumaður óskast

### Braut Bílasala leitar af öflugum liðsmanni.

Í boði er skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki í sölu bifreiða, um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf og menntun á netfangið **gunnar@bilabraut.is**

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2017**
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, öllum umsóknum verður svarað.

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill Save the Children á Íslandi



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Tómstundir & Ferðir

### Fyrir veiðimenn




## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
Í sendibílaakstur. Hraustur, þjónustulundaður og íslenskumælandi með hreint sakavottorð. Uppl. í s: 892-6363 og á skutlari@gmail.com

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur á besta aldri óskast frá og með 1. sept í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, 80% starfshlutfall. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is**

**MÁLMIÐNAÐARMENN ÓSKAST**
